

Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 127/2333
komudagur 27.9.2002



Akureyrarbær
Bæjarstjóri

Akureyri, 15. febrúar 2002

Efni: Byggðaáætlun 2002-2005

Bæjarráð hefur á fundi sínum í dag gert eftirfarandi bókun:

Byggðaáætlun 2002-2005

"2001120089 / 13-001

Lögð fram tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Bæjarráð tekur undir meginatriði tiliögunnar og lýsir yfir ánægju með þær áherslur sem lagðar eru til eflingar Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins."

Þetta tilkynnist hér með.

f. h. bæjarstjóra,


Sólveig Gunnarsdóttir



Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Alþingi 127/1405
Erindi nr. P 127/1405
komudagur 21.3.2002

Reykjavík 20. mars 2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, 538. mál.

Með þessari tillögu er í fyrsta skipti í sögu slíkra áætlana gerð tilraun til að gera raunverulega framkvæmdaáætlun í byggðamálum. ASÍ fagnar þessu því hér er um verulega bót að ræða frá fyrri áætlunum sem hafa í raun aðeins verið stefnuyfirlýsingar stjórnvalda í byggðamálum.

Með því að tilgreina hvaða aðilar bera ábyrgð á framkvæmd einstakra þátta byggðaáætlunarinnar og að tímarammi framkvæmdar sé áætlaður, er það von Alþýðusambands Íslands að tillögurnar verði framkvæmdar, en á það hefur því miður skort í fyrri áætlunum.

ASÍ harmar að í þingsályktunartillögunum skorti raunsæa sýn stjórnvalda á þróunina á Vestfjörðum og Austurlandi á framkvæmdatímanum og vonar ASÍ að sá tónn sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins gagnvart Vestfjörðum endurspegli ekki viðhorf ríkistjórnarinnar til framtíðarþróunar í þessum landshlutum. ASÍ væntir þess að við meðferð þingsins verði úr þessu bætt.


Alþýðusamband Íslands er hlynnt samþykkt þingsályktunartillögunnar, en ætlast jafnframt til að þær tillögur sem settar eru fram í henni verði framkvæmdar.

ASÍ áskilur sér allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstakar greinar eða frumvarpið í heild, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands

Rannveig Sigurðardóttir,
hagfræðingur ASÍ.

Alþingi
Erindi nr. P/127/14/18
komudagur 22.3.2002



ATVINNUÞRÓUNARSJÓÐUR SUÐURLANDS

Selfossi, 20. mars 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Varðar: Bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 6. mars 2002, þar sem óskað er eftir umsögn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002 – 2005.

Meðfylgjandi er umsögn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands á ofangreindri tillögu. Umsögnin er annars vegar stutt almenn umsögn um tillögu til þingsályktunar og hins vegar tillögur um aðgerðir sem undirritaður telur að koma eigi í verk strax.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Róbert Jónsson', written over a horizontal line.

Róbert Jónsson, framkvæmdastjóri,
Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2006 ásamt tillögum um aðgerðir sem virka strax.

Margt er mjög gott í þessari tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2006 og margar áhugaverðar aðgerðir sem áætlað er að framkvæma. Þó finnst mér galli við þessa áætlun að flestar ef ekki allar "*tillögur um aðgerðir*" sem fram koma miðast við aðgerðir sem tekur langan tíma að koma á fót, eðlilega þar sem um grundvallarbreytingar er að ræða þar sem margir aðilar koma að og samræma þarf misjöfn sjónarmið.

Í stefnumótandi áætlanagerð, eins og hér um ræðir, þurfa að vera skammtímaaðgerðir og langtímaaðgerðir, skammtímaaðgerðir sem tekur skamman tíma að koma á fót, virka vel og sem almenningur finnur strax fyrir að verið er að framkvæma.

Eftirfarandi eru fimm tillögur að aðgerðum sem lagt er til að komið verði á fót strax á árinu 2002. Þessar tillögur þarfnast ekki mikils undirbúnings því allt eru þetta þekktar lausnir. Í tillögunum er einkum horft til þess að þær virki sem stuðningur við atvinnurekstur á landsbyggðinni. Tillögurnar eru sem hér segir:

1. Stofnstyrkir.
2. Stuðningur við frumkvöðlastarf.
3. Atvinnuþróunarfélög.
4. Eignarhaldsfélög.
5. Skattkerfi, ferðakostnaður.

Ljóst er að ef almenningur á landsbyggðinni verður ekki var við að ný byggðaáætlun er gengin í gildi fyrir en eftir 2-3 ár, eins og tilfellið yrði ef núverandi tillaga til þingsályktunar yrði samþykkt óbreytt, þá eru menn í vondum málum. Neðangreindar tillögur bæta um betur og stuðla m.a. að uppbyggingu og rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni sem hlýtur að vera mikilvægur þáttur í byggðaþróun í landinu.

Hér á eftir er gerð nánar grein fyrir tillögunum.

Tillaga 1: Stofnstyrkir

Teknir verði upp stofnstyrkir að fyrirmynd þjóða í Evrópu sem beita þannig styrkjum.

Teknir verði upp stofnstyrkir til samræmis við það sem gert er í ýmsum öðrum Evrópulöndum. Styrkir verði veittir vegna stofnkostnaðar við uppbyggingu atvinnufyrirtækja samkvæmt byggðakorti sem samþykkt hefur verið fyrir Ísland og gildir tímabilið 2001 – 2006. Stofnstyrkir nái eingöngu til stofnkostnaðar og séu aðeins veittir til verkefna sem metin eru arðbær. Skýrar reglur verði settar um framkvæmd.

Framkvæmd og tímamörk

Ríkisstjórnin láti gera úttekt á fyrirkomulagi stofnstyrkja í Evrópusambandinu og komi á sambærilegum aðgerðum hér á landi, sem komi til framkvæmda á árinu 2002. Þetta er þekkt kerfi og óþarfi að vera að finna upp hjólið.

Greinargerð

Innan Evrópusambandsins hafa lengi verið til staðar s.k. stofnstyrkir sem felast í stuðningi hins opinbera við fjárfestingar á skilgreindum og afmörkuðum landssvæðum. Landssvæðin sem stuðnings þessa njóta eru strjálbýl og lítt þróuð svæði og svæði þar sem atvinnuleysi er mikið. Þá hafa Norðmenn einnig sjóð sem veitir slíka stofnstyrki.

Opinber styrkur er veittur til fjárfestinga í atvinnutækjum á þessum tilteknu svæðum. Eingöngu er tekið til stofnkostnaðar en hluti hans er þjálfun starfsmanna og annar kostnaður við gangsetningu fyrirtækja. Styrkur er veittur sem ákveðið hlutfall af heildarfjárfestingu og er hlutfallið mishátt eftir svæðum.

Stofnstyrkir sem þessir gætu haft veruleg áhrif í þá átt að styrkja landsbyggðina gagnvart höfuðborgarsvæðinu, en enn mikilvægara er að búa svo að atvinnulífi hér að það mæti ekki lakari rekstrarskilyrðum en samkeppnisaðilar í nágrennalöndum.

Alþjóðavæðing íslenskra fyrirtækja er orðin allnokkur og flæði fjármagns til og frá landinu er á takmarkana. Fjárfestingar verða því þar sem heildararðsemi er mest að gefnu því að þjóðfélagslegar og efnahagslegar aðstæður séu viðunandi að öðru leiti. Sú hættu er fyrir hendi að fjárfestingar innlendra sem erlendrar fyrirtækja sem ella yrðu hér á landi eigi sér stað annars staðar, beinlínis vegna aðgangs að stofnstyrkjum.

Nýverið hefur ESA samþykkt byggðakort fyrir Ísland sem gildir til ársins 2006. Á grundvelli þessa byggðakorts er hægt að efna til stofnstyrkja sem byggja á sömu forsendum og slíkir styrkir í Evrópusambandinu.

Tillaga 2: Stuðningur við frumkvöðlastarf

Stuðningur við frumkvöðlastarf. Efnt verði til sérstaks verkefnis sem ætlað verði að styðja við frumkvöðlastarf.

Þetta komi til framkvæmda á árinu 2002, verði falið Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins framkvæmd í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin á landsbyggðinni. Þetta er hægt að framkvæma strax en næg þekking er fyrir hendi hjá Nýsköpunarsjóði og atvinnuþróunarfélögunum til að framkvæma verkefnið. Avinningurinn er uppbygging þekkingar á frumkvöðlastarfi og rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni ásamt eftirfylgni við fyrirtækin sem er mjög mikilvæg.

Greinargerð

Með aukinni menntun ungs fólks verður sífellt algengara að bæði hjón búi yfir starfsmenntun sem þau vilja nýta á vinnumarkaði. Þegar hjón velja sér búsetu, setjast þau að öðru jöfnu að á stöðum sem bjóða upp á fjölbreytt atvinnulíf þar sem báðir aðilar geta fundið starf við sitt hæfi. Fjölbreytt atvinnulíf verður þannig sífellt mikilvægara fyrir þróun einstakra byggðarlaga.

Skilvirkasta leiðin til að skapa fjölbreytni er að efla frumkvæði framtakssamra og hugmyndaríkra einstaklinga. Frumkvæði einstaklinga er eitt mikilvægasta aflið í þróun atvinnulífs, hvort sem er í borg eða dreifbýli. Í inngangi að riti OECD “Að rækta frumkvæði” (Fostering Entrepreneurship), frá 1998, segir:

“Frumkvæði er höfuðatriði í virku markaðskerfi. Í markaðshagkerfi eru frumkvöðlar hreyfiafl breytinga og vaxtar. Þeir geta hraðað tilurð, útbreiðslu og nýtingu hugmynda að nýsköpun. Með því móti stuðla þeir ekki eingöngu að skilvirkri notkun fjármuna, heldur færa einnig út mörk efnahagsstarfseminnar. Frumkvöðlar leita uppi og greina tækifæri sem hugsanlega eru arðvænleg og eru þar að auki tilbúnir að taka áhættu til að komast að því hvort hugboð þeirra eru rétt. Enda þótt frumkvöðlum takist ekki öllum að ná árangri, er land með mikla frumkvöðlastarfsemi líklegt til að koma stöðugt fram með nýjar eða bætтар vörur og þjónustu. Það er einnig líklegt til að búa yfir mikilli aðlögunarhæfni og að grípa tækifærin þegar þau gefast”.

Stjórnvöld geta með lagasetningu og ýmsum og ýmsum óbeinum aðgerðum skapað skilyrði sem örva frumkvöðlastarf. Á undanförmum árum hefur orðið nokkur þróun hér á landi í þá átt að auðvelda frumkvæði í atvinnulífinu.

Skipulagt átak ríkisins til að efla og rækta frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja er eðlilegt framhald fyrri verka núverandi ríkisstjórnar sem miðað hafa að því að bæta aðstæður til nýsköpunar og frumkvæðis. Möguleiki til fjármögnunar áhættuverkefna hefur batnað verulega með tilkomu öflugra áhættufjárfestingasjóða eins og Nýsköpunarsjóðs. Með þessum aðgerðum, hefur aðgangur að fjármagni orðið auðveldari.

Fjármagn er aðeins einn af mörgum mikilvægum þáttum í nýsköpuninni. Mikilvægast er framlag frumkvöðulsins sjálfs, framtíðarsýn hans, geta og úthald til að byggja upp atvinnustarfsemi. Þegar til staðar er frumkvöðull með góða viðskiptahugmynd er hægt að hjálpa honum með skipulögðum hætti að gera viðskiptaáætlanir og annað sem þarf til að koma verkefninu af stað.

Það er ekki fyrr en frumkvöðullinn er kominn með góða viðskiptaáætlun, sem sýnir að um arðbært fyrirtæki getur verið að ræða, að áhættufjárfestar geta komið að málinu.

Starfsemin á að styðja við og efla allt frumkvæði sem miðar að því að efla atvinnulíf á einstökum svæðum eða landinu öllu. Styðja þarf við, mennta og þjálfna þá, sem geta og ætla að stofna fyrirtæki, eða ætla að efla starfandi fyrirtæki.

Tillaga 3: Atvinnuþróunarfélög.

Áfram verði stutt við starfsemi svæðisbundinna atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni en efla þarf starfsemi þeirra með tryggum tekjustofnum.

Í dag eru félögin vanmáttug og erfiðlega gengur að festa starfsemi þeirra í sessi þar sem framlög ríkisins, á móti framlögum heimamanna, eru ekki í hendi. Atvinnuþróunarfélögin eru tæki sem eru til, þar starfar vel menntað vinnuafli sem er að takast á við vanda landsbyggðarinnar.

Ávinningurinn er ráðgjöf fyrir aðila í heimabyggð sem er mjög mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnurekstrar á landsbyggðinni og ódýrasti kosturinn fyrir ríkið að styðja við atvinnurekstur úti á landi.

Framkvæmd

Gerður verði samningur við atvinnuþróunarfélögin þar sem skilgreint verði hlutverk félaganna í uppbyggingu atvinnulífs, samræmd stefna þeirra eins og kostur er og tekjustofnar ákvarðaðir.

Tímarammi

Miðað verði við að nýir samningar við atvinnuþróunarfélögin gildi til fjögurra ára í senn, með endurskoðun á tveggja ára fresti.

Kostnaður

Fjármögnun þarf að vera þannig háttáð að ríkið tryggi fasta lágmarksupphæð á ári til reksturs félaganna. Framlag ríkisins skal taka mið af verkefnum félaganna og þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að inna af hendi samkvæmt samningum.

Greinargerð

Atvinnuþróunarfélögin hafa stuðlað að mörgum mikilvægum verkefnum í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Innan félaganna býr þekking á staðbundnum aðstæðum og reynsla sem sjálfsagt er að byggja á við áframhaldandi starf. Mikilvægt er að fjárhagslegur grundvöllur félaganna sé treystur frá því sem nú er en félögin eru víða rekin á grundvelli ótryggra fjárframlaga hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga. Samningar við Byggðastofnun hafa verið til of skamms tíma, auk þess sem þeir hafa verið lausir nú um nokkra hríð. Rétt er að ríkið borgi í samræmi við þá þjónustu sem félögin veita. Vegna þessa þarf að skilgreina framlög ríkisins til atvinnuþróunarfélaganna upp á nýtt t.d. þannig að ríkið tryggi ákveðinn fjölda starfsmanna í hverju félagi á móti framlagi heimamanna. Þá þarf að skilgreina hvaða þjónustu ætlast er til að félögin veiti.

Ráðgjöf sem aðilum stendur til boða í heimabyggð er mjög mikilvægur þáttur í uppbyggingu atvinnurekstrar, einkum ráðgjöf til örfyrirtækja og frumkvöðla. Þá skiptir máli að þjónustan sé veitt í sem mestri nálægð við íbúa svæðisins.

Atvinnuþróunarfélögin þurfa að uppfylla þau skilyrði að:

- Vera fyrir hendi í öllum landshlutum, innan seilingar frá þeim sem þurfa að nota stuðningskerfi atvinnulífsins.
- Búa yfir þekkingu á viðkomandi atvinnusvæðum og möguleikum sem þar eru, hvort sem er í mannauði eða náttúruauðlindum.
- Hafa haldgóða þekkingu og skilning á atvinnuþróun hér á landi og erlendis.
- Geta aðstoðað frumkvöðla sem vilja hefja rekstur, með beinni ráðgjöf eða leiðbeiningum um stoðkerfi atvinnulífsins.

Mikilvægt er að atvinnuþróunarfélögin séu sjálfstæð og að þau séu rekin undir stjórn og á ábyrgð heimamanna enda er miðað við að framlag heimamanna á hverjum stað verði áfram umtalsverður hluti

af fjármögnun félaganna. Ríkið gerir þá sérstakan samning við hvert félag, þar sem fram koma m.a. eftirtaldir þættir:

- Skilgreining á umfangi og gæðum þeirrar þjónustu sem veita á.
- Markmið um árangur starfseminnar og skilgreining á árangursmati.
- Fjárframlög til félaganna.
- Samningurinn verði endurskoðaður á tveggja ára fresti og framlengdur um tvö ár, ef tilskyldum árangri hefur verið náð og ef um semst.

Tillaga 4: Eignarhaldsfélög.

Áfram verði stutt við starfsemi svæðisbundinna eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni með allt að 300 m.k. árlegu framlagi, í fjögur ár, sem komi á móti framlagi heimamanna. Þar með er kominn hvati fyrir heimamenn og fleiri aðila til að fjárfesta í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni sem þá hafa umtalsvert fjárhagslegt bolmagn til að efla atvinnulífið á svæðunum.

Framkvæmd

Iðnaðarráðherra geri samninga við starfandi eignarhaldsfélög um ákveðið fjárframlag gegn móttframlagi heimamanna og beiti sér fyrir stofnun fleiri slíkra félaga.

Tímarammi

Miðað skal við að þessi ráðstöfun gildi frá og með áramótum 2001/2002 til fjögurra ára og endurskoðist eftir tvö ár.

Kostnaður

Fjárframlög til eignarhaldsfélaga komi af fjárlögum, allt að 300 millj. kr. á ári í fjögur ár. Fjárframlög eru skilyrt móttframlagi í hlutföllunum 40% frá ríkinu og 60% frá öðrum aðilum.

Greinargerð

Ákvörðun Alþingis um að koma á fót eignarhaldsfélögum hefur tvímælalaust stutt við atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Ávinningurinn er tvíþættur. Annars vegar er unnt að takast á við mun stærri verkefni en hingað til hefur verið mögulegt og hins vegar verður starfsemi eignarhaldsfélaganna til þess að þeir sem sækja um hlutafjárþátttöku félaganna fá faglega ráðgjöf um hvað megi betur fara í stefnu og rekstri fyrirtækisins.

Tilkoma eignarhaldsfélaganna á fjárfestingamarkað eflir atvinnulíf svæðanna og eykur möguleika á fjármögnun arðbærra verkefna einstaklinga og fyrirtækja.

Stofnun eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni tengist þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi í mars árið 1999 um svæðisbundin eignarhaldsfélög. Þar er opnað fyrir möguleika á að stofna svæðisbundin eignarhaldsfélög með þátttöku Bygðastofnunar og fleiri aðila. Gert er ráð fyrir að Bygðastofnun leggi slíkum félögum til 1.200 millj. kr. á fjórum árum þó að hámarki 40% af heildarhlutafé félaganna. Í samþykkt Alþingis segir:

“Til þess að tryggja nauðsynlegt eigið fé í nýsköpunarverkefnum verði komið á fót eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni með aðild Bygðastofnunar. Stefnt verði að því að til þeirra verkefna verði sérstaklega varið allt að 300 mkr. á fjárlögum hvers árs á áætlunartímabilinu samkvæmt nánari reglum sem forsætisráðherra setur í reglugerð um Bygðastofnun. Þátttaka Bygðastofnunar geti þó mest numið 40% af hlutafé viðkomandi félags.”

Dæmi um vel heppnuð eignarhaldsfélög sem komið hefur verið á fót eru Eignarhaldsfélag Suðurlands hf og Tækifæri hf í Eyjafirði. Eignarhaldsfélag Suðurlands hefur, frá því að það hóf starfsemi um mitt ár 2000, fjárfest í níu félögum að upphæð 135.0 mkr. ásamt því að veita viðskiptaráðgjöf til hluta þeirra. Hugsanlega þarf að endurskoða starfssvæði félaganna á þeim svæðum þar sem uppbygging félaganna hefur ekki gengið eins og að var stefnt.

Tillaga 5: Skattkerfi, ferðakostnaður.

Teknir verði upp styrkir v. ferðakostnaðar (skattaafsláttur) til þeirra sem sækja vinnu í tiltekinni fjarlægð frá heimili. Með þeim hætti má að einhverju leiti hamlar gegn búseturöskun.

Greinargerð

Ofangreind aðgerð til að jafna kostnað við búsetu er þekkt víða, til dæmis í Danmörku. Ávinningurinn af þessari aðgerð er að til verður hvati sem getur hamlað gegn búseturöskun. Þekkt er að fólk vill síður sækja vinnu um langan veg vegna ferðakostnaðar. Þetta er ekki flókin aðgerð enda þekkt víða eins og áður er getið.

Iðnaðarnefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 8. apríl 2002

Efni: Umsögn BHM um þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum 2002-5 (538. mál)


Vísað er til bréfs yðar, dags. 6. mars 2002, varðandi umsögn um 538. mál, tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið eins og það liggur fyrir.

BHM tekur almennt ekki afstöðu í stjórnámum sem ekki varða grundvallarhagsmuni háskólamenntaðs launafólks en vill að gefnu tilefni, sbr. aðgerðatillögu nr. 20 á bls. 20-21 í greinargerð með þingsályktunartillögunni, skora á stjórnvöld að hafa samráð við samtök námsmanna og launafólks sem hefur tekið námslán um allar aðgerðir sem miða að því að létta þunga endurgreiðslubyrði námslána.

Í þessu sambandi skal áréttað að 17 samtök bandalaga og stéttarféлага háskólamanna og námsmanna hafa tekið saman höndum í því skyni að rannsaka leiðir og stuðla að því markmiði að létta þunga endurgreiðslubyrði námslána. Hafa BHM og Samtök íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) haft fogöngu um það samstarf.

Beðist er velvirðingar á að ekki tókst að gefa umsögn innan þess frests sem vænst var

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
frankvæmdarstjóri BHM.

Afrit:
SÍNE.

Dagsetning
21.03.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Byggðastofnun hefur borist erindi Iðnaðarnefndar Alþingis varðandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002 - 2005, 538.mál. Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni, og miðast umsögnin við það. Tekið skal fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur tillöguna að mörgu leyti heildstæða og unnt að byggja stefnumörkun á henni. Þó virðist vera þörf á að bæta nokkru við. Einkum vantar meira afgerandi stefnu til lífskjarajöfnunar með almennum aðgerðum. Bæta þarf við sértækum aðgerðum sem beinast að tilteknum svæðum, og betur þarf að skilgreina hugmynd um vaxtarsvæði og byggðakjarna.

1. Byggðaáætluninni er skipt í stefnumörkun og framkvæmdaáætlun. Í stefnumörkun kemur fram vilji Alþingis varðandi þróun byggðar og almennar aðgerðir til að efla byggð og atvinnu á landsbyggðinni. Í framkvæmdaáætlun kemur fram skipting í einstaka framkvæmdaliði áætlunarinnar. Skilgreint er hverjir beri ábyrgð á framkvæmd einstakra liða, tímasetning og fjármagn, þar sem við á. Byggðastofnun telur þessa uppsteningu áætlunarinnar hentuga og að mörgu leyti skilvirkari en fyrri áætlanir.
2. Setja þyrfti skýrari ákvæði um eftirfylgni með byggðaáætluninni, þannig að framkvæmdaáætlilar geri grein fyrir sínum framkvæmdaliðum með vissu millibili. Til að árangurinn verði mælanlegur þarf að skilgreina mælikvarða um árangur.
3. Þar sem lagasetningu þarf til að fylgja eftir framkvæmdaliðum eða stefnu, verði það skilgreint í byggðaáætluninni.
4. Byggðaáætlunin verði betur tengd öðrum áætlunum á vegum ríkisins, þ.m.t. fjárlagagerð og samgönguáætlun.
5. Fjallað verði sérstaklega um aðkomu sveitarfélaga að byggðaáætluninni. Setja þarf fram tillögur um ákvarðanavald sveitarfélaga, skattlagningarheimildir, verkefni o.s.frv. Þau verði m.a. skylduð til að marka stefnu í atvinnumálum og búsetuþróun. Tengsl verði milli þessara áætlana og annarra áætlana þeirra, svo sem aðalskipulags og stefnumörkunar samkvæmt staðardagskrá 21.
6. Í tillögu að byggðaáætlun er hugmynd um vaxtarsvæði og byggðakjarna lítt skilgreind. Betur þarf að skilgreina svæðin og einnig hlutverk þeirra. Nauðsynlegt er að benda á sértækar aðgerðir tengdar hverju svæði og verði aðgerðir sniðnar að mismunandi aðstæðum. Fjallað verði um vaxtarsvæði og uppbyggingu þeirra, byggðakjarna og þýðingu þeirra fyrir svæðin, og loks jaðarsvæði og stuðningsaðgerðir við þau. Fjalla þarf um tengsl landsbyggðarinnar við höfuðborgarsvæðið og áhrifasvæði þess.

7. Í tillögu að byggðaaætlun er fjallað um uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Fjalla þarf nánar um eftirfarandi atriði:
- Brún þörf er á að endurskipuleggja stuðningskerfi atvinnulífsins, eins og lagt er til í tillögu að byggðaaætlun. Að mati Byggðastofnunar þarf hér þó að kveða fastar að, þar sem dreifð ábyrgð og lítil samræming aðgerða og fjárveitinga er einkennandi fyrir stoðkerfi ríkisins. Skilgreina þarf aðgerðir til að efla atvinnuráðgjöf, rannsóknar- og þróunarstarf á landsbyggðinni, og auka þarf fjármagn til þeirrar starfsemi. Hægt er að hugsa sér samruna einhverra stofnana, sem starfa á líku sviði. Breytingar á banka- og sjóðakerfi hafa leitt til þess að landsbyggðin telur sig eiga minni aðgang að fjármagni en fyrir þær breytingar. Aðgengi að lánsfé er metið eftir veðhæfi eigna, sem er lægra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þetta stuðlar að byggðaþenslu á höfuðborgarsvæðinu á kostnað landsbyggðarinnar. Nauðsynlegt er að einfalda opinbera sjóðakerfið hérlendis og koma fjármögnun á færri hendur. Jafnframt þarf að auka fjármagn og skapa sterkari sjóði en nú er. Fyrst og fremst þarf að ákveða markmið kerfisins og hvaða tækjum á að beita til að ná árangri til að úr verði sterkt afl sem sé fært um að tryggja hagsmuni landsbyggðarinnar.
 - Sjávarútvegur er undirstöðuatvinnugrein í mörgum byggðarlögum, og í byggðaaætlun þarf að leggja meiri áherslu á að tryggja framtíð þessarar atvinnugreinar á þeim stöðum. Unnið verði að bættri afkomu smábátaútgerðar og eflingu rekstrargrundvallar fiskvinnslufyrirtækja, m.a. aðgengi að hráefni. Sérstaklega verði stutt við afkomu fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum og Austurlandi og landvinnslunni tryggt hráefni á sanngjörnum kjörum með sérstökum byggðaaðgerðum. Þróunarstarf í sjávarútvegi verði eflt á landsbyggðinni og tengt kennslu á háskólastigi.
 - Stutt verði við uppbyggingu framleiðsluðnaðar í byggðarlögum með 1000 – 5000 íbúa, en þjónustuiðnað í landbúnaði og sjávarútvegi á minni stöðum.
8. Í tillögu að byggðaaætlun er lagt til að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna eftir landshlutum og á áhrifum þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt til jöfnunar starfsskilyrða. Nú þegar liggur fyrir allnokkur þekking á áhrifum aðgerða hins opinbera, svo sem áhrif af opinberum álögum á flutningskostnað. Einnig liggur fyrir þekking á áhrifum mismunandi orkukostnaðar og veðhæfi eigna, svo að eitthvað sé nefnt. Brún þörf er á skjótum aðgerðum á þeim sviðum sem þekking er þegar fyrir hendi. Sem dæmi má nefna að lækkaður verði kostnaður við flutning og dreifingu á vöru og þjónustu með því að lækka skattlagningu (þungaskatt og virðisaukaskatt).
9. Í tillögu að byggðaaætlun er lagt til að gerð verði heildarathugun á mismunandi búsetuskilyrðum fólks í landinu. Byggðastofnun tekur undir þetta, en bendir jafnframt á að til er allvíðtæk þekking á þessum þáttum, sem nú þegar mætti leggja til grundvallar fyrir beinar aðgerðir, sem m.a. gætu falist í eftirfarandi:
- Stefnt verði að því að tryggja grunnþjónustu og verslun í öllum byggðarlögum, m.a. með samnýtingu á aðstöðu hins opinbera og einkaaðila. Sveitarfélögum á jaðarsvæðum verði veittur stuðningur til að veita nauðsynlega grunnþjónustu.
 - Í byggðaaætlun ber að mæla fyrir um að visst stig félagslegrar þjónustu verði tryggt, svo sem heilsugæsla, dagvistun og öldrunarþjónusta. Öryggismál eru mjög mikilvægur þáttur fyrir búsetu fólks. Hér má nefna atvinnuöryggi, efnahagslegt, félagslegt og líkamlegt öryggi. Gera ber heildarmat sem tekur til hættu af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, flóða, snjóflóða og eldgosa.
 - Framboð framhaldsskólanáms í heimabyggð verði aukið. Kannað verði með hvaða hætti hagkvæmast er að bjóða námið sem víðast, s.s. með eflingu framhaldsskóla eða með fjarnámi. Stjórnvöld styðji við þróun símenntunarmiðstöðva og eflingu tengsla atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni. Efla ber starfsemi háskóla- og rannsóknastofnana á landsbyggðinni með auknum fjárveitingum og verkefnum. Starfsöryggi fjarkennslu verði tryggt með hagkvæmum lausnum varðandi gagnaflutninga, fjarfundabréu og þjónustu við fjarfundabúnað.

- Skattalegum aðgerðum verði beitt til þess að jafna búsetuskilyrði einstaklinga annars vegar til þess að mæta tilteknum kostnaði við atvinnusókn og menntun og hins vegar til þess að stuðla að búsetu ungs fólks og menntafólks á landsbyggðinni. Þær verði skilgreindar sem almennar aðgerðir og beinast því ekki að tilteknum svæðum heldur fremur að skilgreindum aðstæðum.

Til viðbótar tillögu um endurgreiðslu afborgana námslána sem er í skjalinu þá verði:

1. Kostnaður við atvinnusókn frádráttarbær (miðað verði við tiltekinn kmfjölda dag hvern og fjárhæð að hámarki).
2. Kostnaður við nám verði frádráttarbær frá skatti hjá nemanda eða framferanda hans þegar sækja þarf nám fjarri heimili.
3. Veitt verði ívilnun á tekjuskatti á landssvæðum þar sem fólki hefur fækkað verulega og tekjur eru lágar.
4. Stuðlað verði að uppbyggingu atvinnu og aukinni fjölbreytni með ívilnun á tryggingargjaldi fyrirtækja.

Til athugunar undir þessum lið væri einnig að beita auknum persónuafslátti til mótvægis við hærri framfærslukostnað, svo sem hærri vöruverð vegna flutningskostnaðar.

- Húshitunarkostnaður með rafhitun verði áfram lækkaður með auknum niðurgreiðslum, en niðurgeiðslur nái einnig til dýrra hitaveitna.
- Styrkir til námssóknar verði hækkaðir verulega, en fjárhæð taki mið af því hvort skattalegar aðgerðir nái einnig til námskostnaðar.
- Verð á félagslegum íbúðum, þar sem húsnæði er meira en þörf er á vegna fólksfækkunar, verði fært til markaðsverðs. Ríkissjóður beri kostnaðinn.

10. Í kafla um jöfnun verðs á gagnaf lutningi þarf að setja kröfur um áframhaldandi uppbyggingu fjarfundakerfis og hámarkskostnað við notkun þess, til að auðvelda fólki og fyrirtækjum á landsbyggðinni samskipti sín á milli og við aðila á höfuðborgarsvæðinu, en þar er uppbyggingu fjarfundakerfis mjög áfátt. M.a. verði öll ráðuneyti og ríkisstofnanir skylduð til að afla sér fjarfundabúnaðar til að auðvelda fólki á landsbyggðinni að stunda nefndarstörf og starfa í starfshópum á höfuðborgarsvæðinu án ferðalaga. Einnig verði myndað samlag um starfrækslu fjarfundabúnaðar með aðkomu ráðuneyta og ríkisstofnana og rekstur kerfisins boðinn út. Leggja þarf sérstaka áherslu á uppbyggingu fjarskiptakerfa á jaðarsvæðum, sem eiga í vök að verjast varðandi atvinnu og búsetu, og þar sem samgöngur eru erfiðar. Þetta á einkum við um Vestfirði og Austurland. Jafnframt því skal tryggja jöfnun á fjarskiptakostnaði fyrir byggðakjarna með fleiri en 100 íbúa


11. Byggðaáætlun þarf að tengjast skammtíma- og langtímaáætlunum í samgöngumálum. Fjallað verði um mismunandi hluta vegakerfisins, þ.e. stoðkerfi, tengikerfi og jaðarbyggðavegi. Markmiðið verði að tryggja hraðar og öruggar vegatengingar til allra byggðarlaga. Lögð verði áhersla á vegabætur til að stækka þjónustusvæði þéttbýlisstaða og auðvelda íbúum dreifðra byggða aðgengi að þeim. Styrkja þarf almenningssamgöngur á völdum svæðum, einkum þar sem hægt er að tengja miðlungs dreifða byggð við byggðakjarna eða tengja saman tvo eða fleiri byggðakjarna. Kannaður verði rekstrargrundvöllur innanlandsflugs og mörkuð stefna um aðkomu ríkisvaldsins að þeim málum. Athuga þarf að hve miklu leyti afkoma byggðarlaga tengist hafnaraðstöðu og miða stefnu í hafnarmálum við þær niðurstöður sem þar fást.

12. Skýrar verði kveðið á um flutning opinberra stofnana til landsbyggðarinnar. Lögð verði áhersla á jákvæð byggðaáhrif stofnananna og aðgengi landsbyggðarinnar að þeim.

13. Tekið er undir þá tillögu starfshóps um atvinnumál að Hagstofu Íslands verði falið að safna og vinna úr gögnum um hagræna þróun einstakra byggðarlaga og landsvæða.

14. Hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til að stofnunin geti rækt það hlutverk þarf að kveða á um eflingu hennar hvað varðar mannafla, fjármagn og verkefni. Með flutningi þróunarsviðs stofnunarinnar til Sauðárkróks 1998 var byggt upp öflugt þróunarstarf í samvinnu við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, háskóla, sveitarfélög o.fl. Mikilvægt er að núverandi starfsemi sviðsins haldist óskert, að við hana verði bætt nýjum verkefnum og fjármagn til starfseminnar aukið. Með flutningi forstjóra og fyrirtækjasviðs er á sama hátt unnið að endurskipulagningu þess sviðs með bætta skilvirkni að markmiði. Hér er einnig þörf á auknu fjármagni.
15. Í tillögu að byggðaáætlun er m.a. kveðið á um að alþjóðlegt samstarf í byggðamálum verði aukið verulega frá því sem nú er, og stuðlað verði að þátttöku sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og fyrirtækja í alþjóðlegum verkefnum, þ.m.t. Northern Periphery verkefninu. Mikilvægt er að Byggðastofnun verði hér í lykilhlutverki og tekið er undir þá tillögu starfshóps um alþjóðasamvinnu að stofnað verði alþjóðasvið við Byggðastofnun, sem hafi það hlutverk að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegum verkefnum, greiða fyrir þátttöku fyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni í slíkum verkefnum og aðstoða atvinnuþróunarfélög við ráðgjöf á sviði alþjóðasamvinnu.

Virðingarfyllst



Theódór A. Bjarnason
forstjóri Byggðastofnunar



Alþingi
Erindi nr. P 127/1419
komudagur 22 3.2002

Iðnaðarnefnd
Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 21. mars 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum, 538. mál
Tilv:02030014

Vísað er í bréf iðnaðarnefndar dags. 6. mars sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Búnaðarþing 2002 fjallaði um byggðamál og samþykkti ályktun, sem fylgir hér með. Jafnframt er þess farið á leit, að formaður BÍ ásamt undirrituðum fái tækifæri til að fylgja ályktuninni eftir með viðræðum við iðnaðarnefnd.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson

Byggðamál

Ytri skilyrði hafa á undanförunum árum verið landsbyggðinni óhagstæð. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnarflokka kemur fram eindreginn vilji til úrbóta. Þá virðast allir stjórnsmálaflokkar hafa úrbætur í byggðamálum á stefnuskrá sinni. Þrátt fyrir þetta dregst atvinna saman á landsbyggðinni, fólki fækkar og byggðin gisnar.

Búnaðarþing 2002 vill þessu til áréttingar benda á eftirtalin atriði sem koma þarf í framkvæmd til jöfnunar lífskjara í landinu.

Lagasetning og byggðaðróun:

- * Við lagasetningu á Alþingi og aðra meiri háttar ákvarðanatöku stjórnvalda fari ætíð fram sérstakt mat á áhrifum ákvörðunarinnar á byggðaðróun.

Nýsköpun og þróunarverkefni:

- * Byggðastofnun fái stórukið árlegt ráðstöfunarfé sem tryggt verði til næstu ára. Verulega auknu fjármagni verði varið til nýsköpunar og þróunarverkefna og stofnunin þannig eflað til aukinnar þátttöku í aðgerðum til eflingar landsbyggðinni.
- * Samvinna stofnana sem vinna að atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni verði aukin og eflað tengsl þeirra sem að ráðgjöfinni starfa.

Aukin völd sveitarstjórna:

- * Áfram verði unnið að stækkun sveitarfélaga, þeim tryggðir tekjustofnar og sveitarstjórnarstigið þannig eflað og því fengin aukin völd og ábyrgð.

Fiskveiðar og byggðaðróun:

- * Fiskveiðiheimildir færast í auknum mæli til sveitarfélaga sem fái þar með tímabundinn ráðstöfunarrétt á þessum heimildum innan sinnar byggðar. Jafnframt er ítrekuð ályktun Búnaðarþings frá 1999 um að útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný og staðfestur í fiskveiðilögum.

Samgöngur:

- * Hraðað verði uppbyggingu og endurbótum á vegakerfinu. Tryggja verður góðar samgöngur innan hvers atvinnusvæðis, svo og heilsárstengingu við aðalvegakerfi landsins.
- * Lækka verður flutningskostnað milli Reykjavíkursvæðis og landsbyggðar þannig að verð vöru og þjónustu og möguleikar framleiðslufyrirtækja verði sambærilegir um land allt. Ríkissjóður noti ekki þennan kostnað sem tekjustofn svo sem í formi virðisaukaskatts.
- * Leitað verði leiða til lækkunar flugfargjalda og eflingar flugsamgangna innanlands.
- * Hugað verði sérstaklega að skipulagi og möguleikum skipaflutninga varðandi þungaflytninga milli fjarlæggra landshluta.

Skattamál:

- * Leitað verði leiða til að beita skattkerfinu þannig að það hvetji einstaklinga og fyrirtæki til aðseturs í dreifbýlinu.

Menntun:

- * Möguleikar á hvers konar fjarnámi verði eflir og þá hugað að öllum aldurshópum. Jafna þarf enn frekar námskostnað við framhaldsskóla með hækkun dreifbýlisstyrkja. Starfsnám verði ekki undanskilið dreifbýlisstyrkjum.
- * Lánasjóði íslenskra námsmanna verði gert kleyft að lækka endurgreiðsluhlutfall lána hjá því fólki sem hefur störf að námi loknu utan Stór – Reykjavíkursvæðisins.

Orkumál:

- * Upphitunarkostnaður húsnæðis verði jafnaður enn frekar eins og stefnt hefur verið að. Í því sambandi verði sérstaklega hugað að raforkuverði.
- * Hraðað verði þrífösun á raflínum á landsbyggðinni ekki síst með þarfir tæknibúnaðar atvinnurekstrar í huga.

Fjarskipti:

- * Unnið verði markvisst eftir þegar gerðri áætlun um úrbætur á gagnaflutningskerfi Landssímans, þannig að möguleikar og kostnaður varðandi gagnaflutninga verði með sambærilegum hætti um allt land.

Samfélagsþjónusta:

- * Tryggja þarf sem jafnast aðgengi allra landsmanna að samfélagsþjónustu.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1559
komudagur 2.4.2002

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is

Akureyri 26. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002 – 2005, 538. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings vísar til bókar sinnar frá 20. febrúar s.l. (128. fundur). Stjórnin vill að auki benda á eftirfarandi:


Stjórn Eyþings telur mikilvægt að í tengslum við byggðaáætlunina fari fram skilgreining á hlutverki höfuðborgarinnar og á þeim skyldum sem í höfuðborgarhlutverkinu felast. Meðal annars er mikilvægt að skilgreina aðgengi (s.s. samgöngur) íbúa utan höfuðborgarsvæðisins að borginni og þeirri stjórnsýslu ríkisins sem hún hýsir.

Stjórnin vill jafnframt vekja athygli á samþykktri stefnu Sambands ísl. sveitarfélaga í byggðamálum og bendir á mikilvægi þess að tekið verði tillit til hennar við afgreiðslu þingsályktunartillögunnar.

Stjórn Eyþings lýsir yfir vilja sínum til að vinna með stjórnvöldum að framgangi þeirra markmiða og verkefna sem í tillögunni felast.

Hjálögð er bókun stjórnar Eyþings frá 20. febrúar s.l.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Á fundi stjórnar Eypings í 20. febrúar 2002 var til umfjöllunar tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 – 2005. Eftirfarandi bókun var samþykkt á fundinum:

„Stjórn Eypings lýsir yfir ánægju með nýframkomna tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 – 2005, þó skiptar skoðanir geti verið um einstök atriði.

Framsetning tillögunnar ber með sér raunsætt mat og sýnir vilja til að nýta sóknarfærin í stað þess að eyða öllum kröftunum í skipulegt undanhald. Sérstaklega ber að fagna því að í áætluninni eru settar fram beinar tillögur um aðgerðir og að tilgreindur er ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd hverrar tillögu.

Stjórn Eypings mótmælir þeirri túlkun að sérstök áhersla á að efla Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið tákni að ekkert eigi að aðhafast til að styrkja önnur byggðarlög í landinu. Til vitnis um það eru fjölmörg áhersluatriði í tillögunni. Þó að beita eigi sérstökum aðgerðum til að efla Akureyri þá dregur það ekki úr vægi annarra aðgerða sem tilgreindar eru til jöfnunar búsetuskilyrða og styrkingar landsbyggðarinnar. Þvert á móti felur það í sér raunsætt mat og um leið möguleika til eflingar Norður- og Austurlands.

Stjórn Eypings skorar á þingmenn að styðja tillöguna og vinna að því að markmið hennar gangi eftir.

Þá lýsir stjórnin yfir stuðningi við umsókn bæjarstjórnar Húsavíkur um þátttöku í verkefninu „rafrænt samfélag“ og telur margt mæla með þátttöku hennar í verkefninu.“



FFSÍ

FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Reykjavík 21. mars 2002

Nefndasvið Alþingis,
Iðnaðarnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1414
komudagur 22.3.2002

Efni: Tillaga til þingsálygtunar um stefnu í byggðarmálum 2002-2005, 538. mál.

FFSÍ tekur undir þau metnaðarfullu markmið sem frumvarpið felur í sér. Til áréttingar varðandi umfjöllun um aukið verðmæti sjávarfangs – líftækni, vill sambadið vekja athygli á eftirfarandi. Einn helsti vaxtabroddur sjávarútvegsins um þessar mundir virðist fólgin í smáum fyrirtækjum sem sérhæfa sig á þröngu sviði varðandi vinnslu á sjávarfangi. Mörg þessara smáu fyrirtækja hafa náð mjög athyglisverðum árangri og skapa meiri verðmætisaukningu en almennt á sér stað. Þetta gerist þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður þar sem flest fyrirtækjanna eiga allt sitt undir fiskmörkuðum þar sem fiskverð nú á tímum er mun hærra en gerist og gengur í beinum viðskiptum. Lykillinn að nýsköpun í greininni er ótvírætt sá að verð sjávarfangs myndist á eða í fullum tengslum við fiskmarkaði. Fiskverð myndi fljótlega laga sig að þeirri verðlagningu sem hæfustu aðilar í greininni treystu sér til að borga fyrir hráefnið. Þessi breyting ein og sér leggði einnig grunn að heilbrigðari viðkiptaháttum, styrkti ótvírætt hinar dreifðu byggðir landsins og stuðlaði síðast en ekki síst að langþráðum friði um sjávarútveginn.

Virðingafyllst,
F.h. Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason, forseti FFSÍ

Alþingi
Erindi nr. P 127/1390
komudagur 21.3.2002



FÉLAG ÍSLENSKRA
FRAMHALDSSKÓLA

18. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

*Umsögn um tillögu til þingsályktunar
um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005*

Í upphafi vil ég taka fram að tillagan er mjög almennt orðuð. Allir geta tekið undir það meginmarkmið að efla beri atvinnulíf, skóla, menningarlíf og opinbera þjónustu á landsbyggðinni. Ýmsir aðilar komu að samningu áætlunarinnar, valinkunnir menn, en þó saknaði ég þess að ekki skyldi vera sérstakur hópur sem fjallaði um mennta- og menningarmál, svo mikilvægir sem þeir málaflokkar eru til að byggja upp traust atvinnulíf hvort sem er í krafti upplýsingatækni eða til að efla menningartengda ferðamennsku, svo tvö dæmi séu tekin.

Enn sem komið er gerir íslenskt atvinnulíf minni kröfur til formlegrar skólagöngu heldur en tíðkast í nágrannalöndum. Þó má með nokkrum rökum fullyrða að sífellt fleiri ný störf krefjist skólagöngu, ýmist traustrar almennrar menntunar eða sérhæfingar. Því er brýnt að boðið verði upp á sem mesta menntun sem víðast. Það er pólitísk ákvörðun hvaða fjármunir renna til slíks. Fullyrða má að með fjarkennslu og samvinnu skóla megi auka námsframboð sem gagnist öllum, ekki einungis dreifðum byggðum þótt þær verði í meira mæli að treysta á fjarnám en þéttbýlið.


En til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að þar til bær yfirvöld tryggja skólum og öðrum menntastofnunum greiðan aðgang að háhraðaneti á viðunandi verði. Fullyrða má að fjarnám og -kennsla hafi liðið fyrir það verð sem upp er sett fyrir gagnaflytninginn.


Það er skoðun okkar að flestir skólar muni innan örfárra ára bjóða upp á öflugt fjarnám. Reynsla af því er jákvæð og þeim mun betri sem nemendur eru eldri. Upplýsingaveita Menntar þar sem skráð verður allt námsframboð á landinu mun líka auðvelda fólki að finna það nám sem því hentar. Öflugir vefir, eins og t.d. idan.is, veita einnig traustar upplýsingar um nám og námsval.

Skólar fá engar sérstakar fjárveitingar til þess að sinna erlendum samskiptum. Það er mjög miður og því eru færri samstarfsverkefni í gangi en ella væri. Samt sem áður eru skólar að flytja inn umtalsverðar fjárhæðir frá ES og Norðurlandaráði.

Nú er verið að ganga frá nýju reiknilíkani fyrir framhaldsskóla. Það skiptir fé milli skóla. Brýnt er að það geti staðið undir metnaðarfullu námi og kennslu um land allt.

Með kveðju.


Sölvi Sveinsson



Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Engjaási 2 – 310 Borgarnes
Sími: 430 4300 Fax: 430 4309 Netfang: fl@fl.is Veffang: www.fl.is

Alþingi
Erindi nr. B 127 / 1447
komudagur 25. 3. 2002

Umsögn stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005

Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins (FL) hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 og vill láta eftirfarandi álit í ljós:

1. Stjórn FL tekur undir meginmarkmið áætlunarinnar og hvetur til þess að hún verði samþykkt. Stjórn FL hefur hins vegar kosið að í tillögum um aðgerðir væri með ákveðnari hætti tekið á þætti landbúnaðarins, sem vitað er að þrátt fyrir allt er undirstaða byggðar og mannlífs í mörgum landshlutum, ekki síst þeim sem hvað höllustum fæti standa um þessar mundir.
2. Í samræmi við lögbundið hlutverk sitt hefur FL stutt myndarlega við hagræðingu í landbúnaði og atvinnuuppbyggingu í sveitum. Könnun gerð í þremur sýslum árið 2000 á verkefnum sem styrkt höfðu verið á árunum 1989-1999 sýndi að um það bil 80% höfðu komist á legg og skilað 58 ársverkum. Í öllum sveitum landsins gæti því verið um nokkuð á þriðja hundrað ársverk af þessum uppruna að ræða.
3. Stjórn FL tekur undir sjónarmið samráðs og samvinnu opinberra aðila í byggðamálum sem undirstrikuð eru í þingsályktunartillögunni, og nefnir í því sambandi eftirfarandi:
 - a. Mörg undanfarin ár hafði hið prýðilegasta samráð og samstarf verið á milli FL og Bygðastofnunar um ýmis mál, m.a. stuðning við loðdýrarækt og eflingu útflutningskjötvinnslna.
 - b. Skýr verkaskipting FL og Lánasjóðs landbúnaðarins byggð á árlegri stefnumörkun hvors sjóðs um viðfangsefni og starfshætti hefur stuðlað að góðri nýtingu fjármuna þeirra í landbúnaðinum.
 - c. Rétt er líka að minna á árangursríkt samstarf Rannís/Tæknisjóðs og FL síðasta áratuginn um stuðning við rannsókn- og þróunarverkefni á sviði landbúnaðar.
4. Með vísan til 2. liðar í tillögum þingsályktunarinnar um aðgerðir lýsir stjórn FL sig áfram reiðubúna til samstarfs við aðra opinbera sjóði við eflingu atvinnulífs í sveitum og þróunarverkefni í þágu landbúnaðarins. Æskilegt er að í þingsályktunartillögunni væri skýrar kveðið á um tilhögun samstarfsins. Stjórn FL telur slíkt samstarf raunar forsendu fyrir góðri nýtingu þeirra rikulegu fjármuna frá hinu opinbera sem þrátt fyrir allt eru til reiðu í þessu skyni. Á grundvelli árlegrar stefnumörkunar stjórnar FL um ráðstöfun fjármuna sjóðsins og með vísan til árangurs af starfi hans (sjá 2.lið) er stjórn FL í góðum færum til samráðs og samvinnu á þessu sviði.

f.h. stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Bjarni Guðmundsson
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 127/14/16
komudagur 22. 3. 2002



Ísafirði, 21. mars 2002.

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

**Umsögn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða
um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, 538. mál,
sbr. bréf iðnaðarnefndar dags. 6. mars 2002.**

Fræðslumiðstöð Vestfjarða fagnar þeirri áherslu, sem lögð er á fjarnám og símenntun og hlutverk símenntunarstöðva í því skyni. Einnig fagnar hún þeirri meginhugmynd, að símenntunarstöðvar eigi skipulegt samstarf við háskólastofnanir til að auka möguleika landsbyggðarfólks á háskólamenntun og til að efla fræðslu- og rannsóknastarf á landsbyggðinni. Slíkt samstarf er reyndar þegar komið á góðan rekspól á Vestfjörðum undir forystu Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Mikilvægt er að henni verði gert kleift að sinna vel þessu hlutverki sínu.


Þá er ekki síður mikilvægt það hlutverk símenntunarstöðvanna að virkja áhuga íbúanna til að afla sér endur- og símenntunar og bjóða þeim upp á sem jafnasta möguleika í því skyni.

Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að fólk hvarvetna á landinu hafi jafnan og greiðan aðgang að fjarskipta- og upplýsingatækni, sbr. Stefnumarkandi áherslusvið, 11. liður.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða bendir á nauðsyn þess, að Vestfirðingar og landsbyggðarfólk almennt verði ekki aðeins viðtakendur þekkingar, heldur taki þeir einnig þátt í sköpun og miðlun þekkingar, bæði með rannsóknnum og námsefnisgerð. Við útbreiðslu þekkingar er formlegt nám aðeins annar hlutinn. Hinn hlutinn og ekki veigalítil er sú þekking sem til verður við gerð námsefnisins. Meðal annars þess vegna er mikilvægt að byggja upp öflugt rannsóknastarf og háskólanám á Vestfjörðum.

Þá tekur Fræðslumiðstöð Vestfjarða undir meðfylgjandi álit Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarstöðva á landsbyggðinni, dags. 11. febrúar 2002.

F.h. Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.


Smári Haraldsson, forstöðumaður.



Alþingi
Erindi nr. P 127/1440
komudagur 22.3.2002

Austurlandi 17. mars 2002

Til: Alþingis
Varðar: Umsögn Fræðslunets Austurlands um þingskjal 843, 538 mál

Óskað er eftir umsögn Fræðslunets Austurlands um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, sem lögð var fyrir 127. löggjararþing 2002-2003.

Umsögn Fræðslunets Austurlands nær til kafla II.1. Nýting sóknarfæra í atvinnulífi, II.2. Markvisst þróunarstarf í öllum landshlutum, II.11. Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni, III. Tillögur um aðgerðir: 4. Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni, 10. Fjarskiptamál í dreifbýli, 11. Jöfnun verðs á gagnaflutningi, 12. Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni, 11. Verkefnið „rafrænt samfélag“ og 18. Efling símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum.

Fræðslunet Austurlands fagnar þeirri meginstefnu sem birtist í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, sem felst í að efla opinbera þjónustu og vísindastarfsemi á landsbyggðinni, aðgengi að menntun og greiða fjarskiptaþjónustu, samkvæmt ofangreindum köflum tillögunnar.

Talsvert öflugu fjarnám á háskólastigi og víðtæk endur- og símenntun hefur verið komið á fót víða um land á síðustu árum, ekki síst á Austurlandi m.a. með tilkomu Fræðslunets Austurlands. Um 130 – 150 manns stunduðu fjarnám á háskólastigi á Austurlandi á haustönn 2001 og 500 – 600 manns sóttu námskeið af margvíslegum toga á liðnu starfsári. Sex háskólastofnanir eru aðilar að Fræðsluneti Austurlands, auk framhaldsskóla á Austurlandi, fyrirtækja, stofnana og samtaka atvinnulífsins á Austurlandi. Starfssvæði Fræðslunets Austurlands er Austfirðingafjórðungur frá Hornafirðin norður á Bakkafjörð.

Austfirðingar tóku frumkvæði í að skrá safnkost nánast allra bókasafna á svæðinu í bókasafnskerfið Feng og eru þannig mjög vel í stakk búnir til að ganga inn í landsskráningu bókasafna í nýju skráningarkerfi.

Háskóli Íslands hefur nýverið opnað starfsstöð á Hornafirði í Nýheimum. Framhaldsskólar á Austurlandi leggja áherslu á menntun í upplýsingatækni.

Þannig hefur verið lagður grunnur að menntunar- og upplýsingasamfélagi á Austurlandi sem tillaga um stefnu í byggðamálum styður með öflugum hætti ef hún kemst til framkvæmda. En það er undirstrikað að frekari framþróun fjarnáms byggir á öflugu gagnaflutningsneti á hóflegu verði.

Varðandi tillögu III. 18. efling símenntunarmiðstöðva er ekki gerð tillaga um ákveðna fjarveitingu til þess verkefnis samkvæmt framangreindri tillögu.

Fræðslunet Austurlands leggur mikil áhersla á að Alþingi veiti við afgreiðslu tillögunnar fjármagni til þessara stöðva til að efla og festa í sessi þá starfsemi sem þar er þegar er vel komin á legg. Sérstaklega er bent á hið mikla fjarnám á háskólastigi á Austurlandi, að fjarveitingar fylgi þeirri gróskumiklu starfsemi sem eflir og styrkir atvinnulíf og byggð á svæðinu.

F.h. Fræðslunets Austurlands


Emil Björnsson framkvæmdastjóri

Akureyri 20. mars 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Vísað er í bréf Iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 6. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 538. mál. Umsögn Háskólans á Akureyri er hjálögð:

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Háskólinn á Akureyri

Umsögn um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005

Háskólinn á Akureyri hefur fengið í hendur tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 ásamt beiðni um að gefa umsögn um hana.

Markmið byggðaáætlunar

Meginmarkmiðum stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005 er skipt í fimm liði. Almenn t má telja æskilegt að markmið áætlunarinnar væru skilgreind nánar en gert er, en slíkt myndi auðvelda hvorttveggja framkvæmd áætlunarinnar og mat á því hvernig til hefur tekist. Sem dæmi hefði mátt skipta markmiðum áætlunarinnar upp í yfirmarkmið og undirmarkmið. Þannig virðist liður a) fela í sér kjarna þess sem að er stefnt með áætlun af þessu tagi, það er að segja það að „Draga úr mun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga“. Auk markmiðssetningar væri æskilegt að ýmsar skilgreiningar og notkun hugtaka væri með skýrari hætti. Þetta á einkum við um eftirfarandi:

- a) **Mörk landsbyggðarinnar.** Í þingsályktunartillögunni er víða rætt um landsbyggð. Hins vegar er ekki skilgreint með skýrum hætti hvaða svæði það er sem telst til landsbyggðar og hvað ekki.
- b) **Munur milli svæða á landsbyggð.** Ekki virðist í áætluninni tekið mið af þeim mun sem er milli svæða á hinni svokölluðu landsbyggð. Þó má ljóst vera að þau viðfangsefni sem krefjast úrlausnar á grundvelli þingsályktunartillögunnar eru einmitt mismunandi eftir svæðum.
- c) **Svæðaskilgreiningar.** Í áætluninni er víða rætt um sveitarfélög og byggðarlög en ekki er skýrt hver munur er á þessu tvennu. Jafnframt er rætt um að sérstaklega skuli efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust án þess að sett séu fram nánari viðmið um hvað teljist fjölmennt byggðarlag og hvað ekki.
- d) **Markmið einstakra verkefna.** Einstökum verkefnum og tillögum er í mörgum tilvikum lýst svo óljóst að örðugt getur orðið að meta síðar meir hvort þau hafi náð fram að ganga eða ekki.
- e) **Kostnaður við einstök verkefni.** Kostnaður við þau verkefni sem lagt er til að ráðist verði í er í of mörgum tilvikum óljós en án fjármagns má þó ljóst vera að viðkomandi atriði ná vart fram að ganga.

Tillögur um aðgerðir

Lagðar eru fram 22 tillögur um beinar aðgerðir til að ná fram markmiðum áætlunar um stefnumótandi aðgerðir í byggðamálum 2002-2005 og er með hverri tillögu tilgreint hvaða ráðuneyti eða stofnun skuli bera ábyrgð framkvæmd viðkomandi tillögu. Jafnframt er lagt til að sérstök verkefnisstjórn hafi yfirumsjón með framkvæmd byggðaáætlunarinnar.

Það verður að teljast afar jákvætt að setja fram skýrar tillögur um aðgerðir líkt og gert er í þeim tillögum sem hér eru til umfjöllunar. Hins vegar eru tillögurnar margar því marki brenndar að vera almennt orðaðar og stundum jafnvel svo að ekki verður auðveldlega metið hvort viðkomandi tillaga hafi komist í framkvæmd eður ei. Má því velta upp þeirri spurningu hvort ekki hefði verið ástæða til að kveða enn skýrar að orði í tillögugerðinni en gert er.

1. *Endurskipulagning atvinnuþróunar á landsbyggðinni – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri.*

Meginhugmynd þessarar tillögu er sú að ríkisvaldið hafi forustu um að sameina krafta þeirra opinberu aðila og félaga sem vinna að nýsköpun og eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni.

Það hlýtur að teljast jákvætt að sameina krafta allra þeirra aðila sem vinna að nýsköpun og eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni ef skortur á samvinnu stendur slíku starfi fyrir þrifum. Hins vegar er ekki fulljóst hvað í tillögunni felst, til dæmis hvað varðar nýsköpunarmiðstöð á Akureyri og hvernig verkswið slíkrar miðstöðvar tengist verkswiðum annarra aðila sem starfa á þessu sviði.

2. *Aukin samvinna opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs.*

Slík aukin samvinna er jákvæð ef talið er að skortur á slíkri samvinnu hafi komið í veg fyrir að árangur næðist.

3. *Stækkun og efling sveitarfélaga.*

Meginhugmynd þessarar tillögu er sú að ríkisvaldið hafi samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um að vinna markvisst að því að fá fram stærri sveitarfélög í landinu á næstu árum með því annars vegar að hækka lágmarksíbúatölu í sveitarstjórnarlögum og hins vegar því að breyta reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þannig að þær stuðli markvisst að þessari þróun.

Almennt virðist ríkja sátt um það í samfélaginu að nauðsynlegt sé að efla sveitarfélögin með hliðsjón af breyttum aðstæðum og sífellt auknum kröfum fólks í nútíma samfélagi. Taka má undir það sjónarmið að æskilegt er að fyrirkomulag greiðslna úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga standi ekki beinlínis í vegi fyrir sameiningu sveitarfélaga. Hins vegar má efast um gildi lögþvingaðra sameininga nema unnt sé að sýna framá að markmiðum um eflingu sveitarfélaga verði ekki náð með öðrum hætti því ekki verður séð að forsvarsmenn sveitarfélaga hafi það markmið að veikja sveitarfélögin eða draga úr gæðum þeirrar þjónustu sem þau veita. Þá er einnig vakin á því athygli að frá árinu 1993 hefur sveitarfélögum í landinu fækkað um u.þ.b. 40 prósent með frjálsum sameiningum og því mjög hröð þróun í gangi nú þegar.

4. Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Meginhugmynd þessarar tillögu er sú að gerð verði áætlun um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins.

Sennilega er ekkert jafn líklegt til að hafa áhrif á þróun byggðar í landinu og það með hvaða hætti ríkisvaldið byggir upp starfsemi á sínum vegum. Það felur hins vegar að sama skapi í sér að erfitt getur verið að hverfa frá þeirri stefnu sem ríkt hefur í þessum efnum og benda má á að þrátt fyrir góðan ásetning undanfarin ár hafa áform af svipuðu tagi ekki gengið eftir. Eigi að hverfa fyrir alvöru frá þeirri stefnu að byggja starfsemi hins opinbera upp á höfuðborgarsvæðinu er ljóst að slíkt verður ekki réttlætt með eingöngu með þröngum hagkvæmnisjónarmiðum gagnvart viðkomandi stofnunum. Hins vegar ber að hafa í huga að það að staðsetja stofnun eða verkefni á höfuðborgarsvæði er ekki náttúrulögmál heldur ákvörðun sem hefur afgerandi áhrif á búsetuþróun í landinu.

5. Athugun á búsetuskilyrðum fólks.

Taka má undir mikilvægi þess að slík athugun fari fram og raunar má telja æskilegt að tillögur um aðgerðir í byggðamálum byggist fyrst og fremst á slíkum rannsóknum.

6. Athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Taka má undir mikilvægi þess að slík athugun fari fram, sérstaklega er brýnt að skoða vel byggðaleg áhrif flutningskostnaðar.

7. Byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð.

Meginhugmynd þessarar tillögu er sú að ríkið og sveitarfélögin vinni saman að gerð byggðaáætlunar um það hvernig styrkja megi byggð við Eyjafjörð svo fólki fjölgi þar um að minnstakosti 2-3% á ári og að atvinnulíf og menningarlíf eflist.

Það má teljast mjög metnaðarfullt markmið að fjölga íbúum við Eyjafjörð um 2-3% á ári í ljósi þess að íbúafjölgun á svæðinu hefur aðeins tvisvar á síðastliðnum 30 árum náð 2% markinu en það var árin 1976 en þá var hún um 2,0% og 1977 en þá var hún 2,2%. Á tíunda áratug síðustu aldar varð íbúafjölgun við Eyjafjörð mest 1,5% en það var árið 1992. Í þessu sambandi er jafnframt vert að hafa í huga að sé litið til Eyjafjarðar án Akureyrar hefur íbúum á því svæði að jafnaði fækkað síðustu 20 ár. Því má ljóst vera að markmið um 2-3% íbúafjölgun nást ekki nema með róttækum aðgerðum sem miða að því að styrkja allt svæðið og þar sem sérstaklega er hugað að því hvaðan svæðið á að sækja umrædda fjölgun því ekki er æskilegt að fjölgun íbúa við Eyjafjörð verði á kostnað aðliggjandi héraða (Skagafjarðar og Þingeyjarsýslna) að öðrum kosti leiðir fjölgun íbúa ekki nema að takmörkuðu leiti til þess að byggð styrkist.

8. Efling núverandi landbúnaðarskóla sem fræðslu-, rannsóknar- og þróunarseturs.

Taka má undir mikilvægi þessa en þó er óljóst hverju byggðaáætlun breytir frá því sem er nú þegar.

9. Efling fiskeldis.

Taka má undir mikilvægi þessa en þó er óljóst hverju byggðaáætlun breytir frá því sem er nú þegar.

10. Fjarskiptamál í dreifbýli.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga.

11. Jöfnun verðs á gagnaflutningi.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga.

12. Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga.

13. Efling fjarvinnslu hjá hinu opinbera.

Meginhugmynd þessarar tillögu er sú að hið opinbera geri fjarvinnsluáætlun fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir þar sem fram komi hvernig opinberum starfsmönnum verði gert kleift að vinna störf sín að hluta eða öllu leyti í fjarvinnslu og hvernig hið opinbera geti í auknum mæli keypt fjarvinnsluverkefni í verktöku af fyrirtækjum og sjálfstætt starfandi verktökum.

Þróun atvinnuhátta sem stuðlar að því að starfsfólk sé í minna mæli en nú er bundið tilteknum vinnustöðum getur tvímælalaust haft jákvæð áhrif á byggðapróun. Hins vegar þarf að huga vel að framkvæmd fjarvinnu þannig að litið sé margvíslegra verkefna.

14. Verkefnið rafrænt samfélag.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga.

15. Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga því afar mikilvægt er að stefnumótun í byggðamálum sé byggð á rannsóknum og þekkingu.

16. Aukið verðmæti sjávarfangs – líftækni.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga.

17. Stefnumörkun þjóðmenningarstofnana um starfsemi á landsvísu

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga.

18. Efling símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga.

19. Uppbygging ferðaþjónustu í dreifbýli.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga.

20. Endurgreiðsla námslána.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga en þó má benda á mikilvægi þess að vel sé hugað að útfærslu slíkra hugmynda með hliðsjón af langtímaáhrifum slíks fyrirkomulags.

21. Efling umhverfisstarfsemi sveitarfélaga.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga.

22. Landupplýsingakerfi og sveitarfélög.

Taka má undir mikilvægi þess að þetta nái fram að ganga.

Að lokum

Almennt virðist sú skoðun eiga talsvert fylgi að æskilegt sé að draga úr misvægi byggðar í á Íslandi og sú tillaga til þingsályktunar sem liggur fyrir um stefnu í byggðamálum er

tvímælalaust jákvætt skref í þá átt að stemma stigu við þessum vanda. Hins vegar má vera ljóst að það er þungur róður að vinna gegn þeim samfélagsöflum sem knúið hafa þessa þróun alla 20. öld. Þannig er vert að hafa í huga að frá árinu 1910 og til ársins 2000 þrefaldaðist íbúafjöldi á Íslandi en sú fjölgun varð hins vegar nær eingöngu á því svæði sem í daglegu tali er nefnt höfuðborgarsvæði. Í spám Hagstofu Íslands um fólksfjölgun á Íslandi næstu áratugi er gert ráð fyrir að árið 2030 verði íbúar á landinu öllu orðnir um 320 þúsund. Sé tekið mið af reynslu síðustu áratuga má búast við að sú fjölgun komi að mestu leyti fram á höfuðborgarsvæðinu og aðliggjandi svæðum á Suðurlandi, Vesturlandi og Reykjanesi en einnig að litlu leyti á Akureyri. Í ljósi reynslunnar verður að telja ólíklegt að veruleg fólksfjölgun verði utan þessara svæða nema ytri aðstæður breytist verulega og/eða að forsendur fyrir búsetuvali fólks breytist með einhverjum hætti. Í svæðisskipulagi fyrir átta sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2024 er gert ráð fyrir að fólksfjölgun þar verði svipuð og hún hefur verið undanfarin ár með tilheyrandi fjölgun íbúða og starfa. Þetta getur ekki orðið nema með áframhaldandi tilflutningi fólks frá landsbyggðinni og til höfuðborgarsvæðisins. Sé miðað við að forsendur Hagstofunnar um fólksfjölgun á landinu öllu til 2025 og forsendur svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins til 2024 standist, felur það í raun í sér að gera verður ráð fyrir að fólki muni fækka um 18 þúsund á landsbyggðinni á þessu sama tímabili.

Eigi að breyta þeirri búsetuþróun sem ríkjandi hefur verið á Íslandi síðustu áratugi er ólíklegt að almenn markmiðasetning breyti nokkru. Grípa þarf í staðinn til mjög ákveðinna aðgerða. Í þeirri þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum sem hér er til umfjöllunar er tæpt á ýmsu sem kann að geta haft áhrif á búsetuþróun í landinu, en hins vegar er ljóst að án fjárveitinga munu þær hugmyndir sem lagðar eru fram fæstar verða að veruleika. Varpa má fram þeirri hugmynd hvort setja skuli fram takmarkaðri en um leið skýrari framkvæmdaáætlun, jafnvel að setja lög þar sem kveðið er á um fjármögnun einstakra liða. Ennfremur er brýn nauðsyn að við lagasetningu og raunar í allri opinberri stjórnsýslu sé hugað að áhrifum á byggðapróun, því fullyrða má að margvísleg óbein áhrif hafa ráðið meiru um þróun byggðar í landinu undanfarna áratugi en þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á hverjum tíma í nafni byggðastefnu.


Reykjavík 20. mars 2002

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík (HR) vill leggja áherslu á eftirfarandi atriðið vegna tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005:

1. Í kafla II eru nefnd tólf stefnumarkandi áherslusviði í tengslum við áætlun um byggðamál fyrir árin 2002-2005. Í fyrsta áherslusviði, "Nýting sóknarfæra í atvinnulífi" og í því ellefta, "Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni" er fjallað að einhverju leyti um menntamál á landsbyggðinni. Það er hins vegar skoðun HR að menntamál eigi að vera sérstakt stefnumarkandi áherslusvið því menntamál eru einn mikilvægasti þáttur byggðapróunar. Nægir þar að nefna að fólksfjölgun á Akureyri undanfarin áratug má að verulegu leyti rekja til uppbyggingu háskólans þar.
2. HR vill taka undir mikilvægi þess að "allir landsmenn hafi fullan og jafnan aðgang að þeim kostum sem standa til boða á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni" eins og fram kemur í ellefta áherslusviði "Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni". Þessu til stuðnings skal nefnt að tölvunarfræðideild HR hefur boðið fjarnám í tölvunarfræði frá árinu 1998 og því miður hefur misjafn aðgangur landsmanna að ADSL tengingum valdið vandræðum í skipulagningu námsins.
3. Í kafla III, "Tillögur um aðgerðir" kemur fram í lið 18 verkefnið "Efling símenntunarmiðstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum". Í þessu sambandi skal aftur vitnað í reynslu fjarnáms við HR. Mjög mikilvægt er að símenntunarmiðstöðvarnar geti boðið upp á hraðvirkar tengingar við Internetið (sbr. lið 2) og jafnframt er mikilvægt að nemendur í fjarnámi geti fengið tækifæri til að hitta sérfræðing á viðkomandi sviði með reglulegu millibili. Viðkomandi sveitarfélögum verður að gera kleift að laða til sín sérfræðinga til símenntunarstöðva í þeim tilgangi að styðja við nemendur í fjarnámi.

Virðingarfyllst, f.h. Háskólans í Reykjavík,



Hrafn Loftsson, forseti tölvunarfræðideildr

Alþingi
Erindi nr. P 127/1122
komudagur 11.3.2002

Iðnaðarnefnd Alþingis.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja tekur ekki afstöðu til tillögu til þingsályktunar um byggðamál, 538. mál.

Jóhann Einvarðsson, framkv.stj.



HÓLASKÓLI HÓLUM Í HJALTADAL 551 Sauðárkrókur Sími: 455-6300 Fax: 455-6301
Veffang: www.holar.is

Umsögn Hólaskóla um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 538. mál; að beiðni iðnaðarnefndar Alþingis 6. mars 2002.

Hólaskóli þakkar fyrir að fá tækifæri til að gefa umsögn um ofangreinda tillögu. Í umsögninni verður sjónum fyrst og fremst beint að þeim þáttum í tillögunni er varða menntun og rannsóknir. Vikið verður sérstaklega að atriðum sem varða Hólaskóla beint, bæði sem menntastofnun á landsbyggðinni og vegna þess að mörg atriði tillögunnar skipta starfsemi og stefnu skólans og þær atvinnugreinar sem hann þjónar, grundvallarmáli. Eins og fram kemur í tillögunni er efling menntunar, sem og hvers kyns rannsókn- og þróunarstarfs í lykilhlutverki þegar efla skal byggðir, stuðla að jafnvægi í búsetu, fjölbreyttu atvinnulífi, öflugri menningu og farsælu mannlífi. Reynsla erlendis frá sýnir okkur svo ekki verður um villst að þetta er rétt. Því ber að fagna hvað tillagan kveður skýrt á um eflingu menntunar á landsbyggðinni, ekki síst eflingu Háskólans á Akureyri og annarra háskólastofnana. Þessi áhersla varðar starfsemi Hólaskóla með beinum hætti.

Hólaskóli er ein af þremur menntastofnunum landbúnaðarins. Markmið skólans er að mennta fólk til að takast á við ný atvinnutækifæri og farsæla byggðaðróun í dreifbýli með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í ljósi byggðaröskunar í hinum vestræna heimi hefur þetta orðið það sem menntun, rannsóknir og þróunarstarf í landbúnaði hefur í sívaxandi mæli tekist á við. Hólaskóli er að þróa nám á háskólastigi í samvinnu við háskólastofnanir eins og Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, en skólinn rekur líka öfluga rannsóknarstarfsemi á sínum sviðum. Nú þegar er byggt mikið á upplýsingatækni í skólastarfinu, m.a. fjarnámi, og ljóst er að dreifnám verður lykilatriði í þróun námsins hjá Hólaskóla á næstu árum ekki síst í farsælu samstarfi við háskólana.

Viðfangsefni Hólaskóla endurspeglar sértækar áherslur eða svið sem skólinn hefur sérhæft sig í kennslu og rannsóknum á: fiskeldi, ferðamál í dreifbýli og hestamennsku og hrossarækt. Þessar greinar eru meðal þeirra, sem hvað mestar vonir standa til um nýsköpun á alþjóðavísu. Hólaskóli hefur ræktað þessi viðfangsefni og er nú til dæmis eini skólinn hérlendis sem býður uppá skipulagt nám í fiskeldi og er jafnframt stærsta opinbera rannsóknastofnunin á þessu sviði á landinu. Í þessu starfi leggur skólinn áherslu á virka byggðastefnu og umhverfismál.

Auk þessa fer Hólaskóli með staðarhald á sögustaðnum Hólum í Hjaltadal og veitir þjónustu þeim sem þangað leita í hvíld og starfi. Skólinn er þannig í hlutverki gestgjafans

og gegnir skyldum á sviði miðlunar menningar, sögu og helgi staðarins. Sem staðarhaldari starfar skólinn m.a. með Þjóðkirkjunni, Þjóðminjasafni Íslands og Fornleifavernd ríkisins og ber ábyrgð á daglegri umsjón friðaðra minja á staðnum, framkvæmd menningarviðburða, s.s. sýningum, dagskrám, listviðburðum og fræðslu til almennings. Ennfremur kappkostar skólinn að fræða gesti staðarins um starfssvið sín, m.a. með vatnalífssýningu, uppbyggingu söguseturs íslenska hestsins, þróun veitinga úr íslensku hráefni, staðarleiðsögn og fleiru. Þetta starf fer sívaxandi og tengist forystuhlutverki skólans á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu og fræðandi ferðaþjónustu í dreifbýli.

Ofangreint yfirlit um starf Hólaskóla sýnir að starfsemi skólans er í grundvallaratriðum í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum. Þetta kemur fram á ýmsum stöðum í tillögunum en hvað helst í kafla um „Nýtingu sóknarfæra í atvinnulífinu“ þar sem efling fiskeldis, ferðaþjónustu og menningarstarfsemi eru réttilega talin skipta miklu mál í öflugri byggðastefnu. Gerðar eru sérstakar tillögur um aðgerðir í fiskeldi (# 9) og ferðamálum í dreifbýli (#19) sem varða starfsemi Hólaskóla beint og er áhugi hjá stofnuninni fyrir að fylgja þessum tillögum eftir. Þá er tillaga um eflingu náms með fjarskipta- og upplýsingatækni (#12) ákaflega áriðandi fyrir þróun alls skólustarfs á Íslandi. Tillaga um stefnumörkun þjóðmenningarstofnana um starfsemi á landsvísu (#17) hefur grundvallarþýðingu fyrir eflingu menningar og menntunar á landsbyggðinni. Reynsla skólans af samstarfi við þjóðmenningarstofnanir styður þessa niðurstöðu.

Hólaskóli, sem verður 120 ára á þessu ári, er án efa sú skólastofnun sinnar tegundar sem starfar í hvað mestu dreifbýli og fullljóst er að almennur, fyrirtæki og sveitarfélög, telja uppbyggingu á Hólum mikilvæga fyrir atvinnu og byggðapróun, ekki síst á Norðvesturlandi. Staðsetning og saga búnaðarskólanna sýnir ótvírætt hlutverk þeirra í atvinnu- og byggðapróun hérlendis. Staðsetning Hólaskóla á sögustað, í miklu landbúnaðarhéraði sem frægt er fyrir hrossarækt og þar sem hefð er fyrir vatnanýtingu skiptir miklu um áherslur í starfinu og traust tengsl við þá atvinnuvegi sem hann þjónar. Hið sama má segja um systurstofnanir Hóla á Suðurlandi og Vesturlandi, Reyki og Hvanneyri. Frá upphafi hefur menntun og þróunarstarf búnaðarskólanna þannig gegnt lykilhlutverki í sveitum landsins. Þetta undirstrikar hið mikilvæga og víðtæka hlutverk landbúnaðarins við virka byggðapróun og atvinnulíf í dreifbýli.

Hinar þrjár menntastofnanir landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Garðyrkjuskóli ríkisins og Hólaskóli hafa með sér skýra verkaskiptingu samhliða nánú samstarfi. Tillagan gerir grein fyrir mikilvægi menntastofnana landbúnaðarins, og gerð er sérstök tillaga um aðgerðir varðandi eflingu núverandi landbúnaðarskóla sem fræðslu-, rannsóknar- og þróunarsetra (tillaga #8). Þessu fögnum við. Til að þessi tillaga um aðgerðir (#8) nái sem mestum styrk er það tillaga Hólaskóla að í texta hennar verði skýrar kveðið á um uppbyggingu menntasetrana þriggja. Með því móti er styrkur þeirra og hin svæðisbundnu áhrif sem þau hafa best nýtt fyrir landsbyggðina alla. Efling menntastofnana landbúnaðarins í tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum er mjög viðeigandi, ekki síst vegna þess að með því er verið að styrkja starfsemi sem er fyrir hendi og á sér djúpar rætur í viðkomandi samfélögum. Í núverandi tillögu um aðgerðir

(#8) er áherslan fyrst og fremst á uppbyggingu á einu þessara menntasetra þ.e. Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Slík uppbygging er mjög mikilvæg, en uppbygging menntasetrana að Reykjum í Ölfusi og að Hólum í Hjaltadal þarf að eiga sér stað samhliða ef tryggja á hámarksárangur við eflingu þeirrar menntunar og rannsókna sem stofnanirnar standa fyrir jafnframt því að halda mikilvægi þeirra fyrir byggðaðróun í landinu. Því er þess óskað að tekið verði tillit til þessarar athugasemdar og tillögunni breytt í samræmi við það, þannig að fram komi skýr vilji til uppbyggingar allra menntasetrana. Hólaskóli er reiðubúinn að koma með nákvæmari tillögu þar að lútandi ef þess er óskað.

Á það skal bent að eitt markmið Hólaskóla er að efla hestamennsku og hrossarækt hérlendis sem arðbæran atvinnuveg. Hér er á ferðinni mjög mikilvægt byggðamál og tengist ýmsum sviðum, ekki síst öflugri ferðapjónustu. Íslandshestamennskan nær nú til um 20 þjóðlanda og áriðandi er að Ísland haldi forystuhlutverki sínu á þessu sviði. Þetta mikilvægi íslenska hestsins mætti koma skýrar fram í tillögunni, t.d. á bls. 6 í undirkafla um „Nýjar búgreinar“.

Tillagan er í heild sinni vönduð og yfirgripsmikil. Æskilegt væri að framgangur stefnunnar verði sem allra best tryggður með góðri sátt um framkvæmd hennar. Vert er að huga að nokkrum atriðum sem tillagan mætti kveða skýrar á um, til dæmis með hvaða hætti uppbygging á Eyjafjarðarsvæðinu hefur jákvæð áhrif fyrir Norðurland í heild. Að þessu má leiða líkur með ýmsu móti, en um þetta ættu að vera skýrari upplýsingar í tillögunni. Til að þessi jákvæðu áhrif eigi sér stað verður t.d. að huga mjög að bættum samgöngum, t.d. milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar. Í þessu sambandi hafa ný göng undir Tröllaskaga verið nefnd. Þetta mætti koma betur fram í tillögunni.

Ljóst er að margt þarf að koma til svo að stefnan verði árangursrík og þar þurfa stjórnvöld, sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki að leggjast á eitt. Hólaskóli vill taka virkan þátt í þessu og hefur t.d. tekið þá stefnu að vísa til tillögunnar í fjárlagabæiðnum sínum fyrir árið 2003, og nýtt hana til að skerpa á þeirri framtíðarsýn sem skólinn hefur mótað.

Að lokum þökkum við aftur fyrir tækifærið að gefa þessa umsögn. Við vonum að þessar afmörkuðu ábendingar verði gagnlegar í umfjöllun iðnaðarnefndar Alþingis, en erum enn fremur reiðubúin að koma frekar að þessari vinnu ef þess er óskað.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. Hólaskóla



Skúli Skúlason
skólameistari

Alþingi
Erindi nr. P 127/1533
komudagur 26. 3. 2002

Iðntæknistofnun 

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS
Keldnaholti, 112 Reykjavík
Heimasíða: <http://www.iti.is>
Sími 570 7100
Bréfasími 570 7111

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
v/ Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 25.03.02
0AA7000-52.01 HAJ/aó

Málefni: Umfjöllun tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005, 538. mál.

Hér að neðan er fjallað um nokkur atriði sem fram koma í þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir 2002-2005. Varðandi meginmarkmið áætlunarinnar þá eru þau víðfeðm og framsækni og árangur ræðst af því hvernig stjórnvöld og ekki síður heimamenn standa að málum.

Áður en lengra er haldið er rétt að geta um fjölbreytt verkefni sem Iðntæknistofnun hefur á undandörnum árum unnið að við atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með opinberum aðilum og fyrirtækjum á grundvelli hagnýtra verkefna, ráðgjafar, handleiðslu og kynningar á tækifærum á sviði hvers kyns nýsköpunar.

Sem dæmi í þessu sambandi má nefna:

1. Skrifstofa Iðntæknistofnunar á Akureyri og Ísafirði.
2. Stefnumótunarverkefni á sviði atvinnumála og samfélagsþróunar s.s. fyrir; Akureyri, Austur Hérað, Fjarðarbyggð, Ísafjardarkaupstað, Bolungarvík, Þórshöfn og Svalbarðshrepp, Hornafjörð, Mosfellsbæ, Akranes og fyrir Strandir svo nýleg dæmi séu nefnd. Um næstu mánaðarmót er að hefjast stefnumótunarverkefni á sviði ferðaþjónustu fyrir Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.
3. Kynning á sérferðiaðstoð Iðntæknistofnunar á landsbyggðinni eins og verkefni *Við eigum erindi við þig* og *Þekking til allra landshluta*.
4. Unnið hefur verið að víðtækri þekkingaruppbyggingu í eldismálum með verkefnum eins og *Aquafarmer* og þróunarmálum við hvers kyns stíueldi eins og við undirbúning á eldi beitarfisks hér á landi.
5. Sérverkefni eins og verkefnið *Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu* á landsbyggðinni.
6. Fræðsluverkefni sem eingöngu eru starfrækt fyrir landsbyggðina eins og *Bættur rekstur* og *Við stjórnvölinn*.
7. Vöruþróunarverkefni starfrækt af Impru, þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja og rannsókn- og þróunarverkefni á vegum Matvælarannsóknna á Keldnaholti í samvinnu við hagsmunaaðila og fyrirtæki í landbúnaði.
8. Samstarf um rekstur Frumkvöðlaseturs Norðurlands og Nýheima á Hornafirði.
9. Önnur sérverkefni hafa síðan verið unnin fyrir einstök fyrirtæki sem ekki verður getið um hér.



Hvað skilar árangri? Viðhorf og forysta

Iðntæknistofnun telur að það sé lykilatriði að viðhorf og forysta sé til staðar við nýsköpun og styrkingu atvinnulífs. Þessi atriði eiga við hvort sem um er að ræða nýsköpun í hefðbundnum greinum eða nýjum atvinnugreinum. Leggja þarf áherslu á að nálgast viðfangsefnið með „nýrri óhefðbundinni hugsun“ til að nýsköpun verði ríkur þáttur í þróuninni. Leggja má meiri áherslu á viðhorf þar sem þekkingin er í öndvegi en ekki einungis náttúruleg hráefni og aðstæður. Telja má að t.d. innan ullaáriðnaðarins hafi mátt leggja meiri áherslu á þekkinguna, s.s. ýfingu, hönnun o.fl. á kostnað náttúrulega hráefnisins.

Annað dæmi í þessu sambandi má nefna þróun meðalstórs fyrirtækis á landsbyggðinni, Miðás á Egilstöðum. Fyrirtækið tók þá afstöðu að slíta sig úr viðjum vanans og umbreyta starfsháttum sínum þannig að þekking nýtist með aðstoð utanaðkomandi aðila.

Þriðja dæmið í þessu samband skal nefna Límtré og þróun þess og framleiðslu á vörum eins og yleiningum. Starfsemi sem byggist á þekkingu, áræði og ákveðinni forystu. Öll leiðandi fyrirtæki sem eru til fyrirmyndar leggja áherslu á þátt þekkingar í starfsemi sinni og nýnæmi við að leysa viðfangsefni.

Umgjörðin


Til að láta hluti gerast þarf frumkvæði frá atvinnulífinu eða samfélaginu. Til að þetta frumkvæði fái að njóta sín þarf oft að brúa bil á milli þekkingar og hæfni og fjármagns til að taka fyrstu áhættu. Þarna telur Iðntæknistofnun að opinberir aðilar geti starfað sem hvati til athafna. Það er reynsla stofnunarinnar í gegnum árin í fjölda hagnýtra verkefna sem hún hefur unnið að með þeim fyrirtækjum sem nú standa í fremstu röð.

Mikilvægt er að veita stuðning við forkönnun verkefna, þekkingaryfirfærslu við upphaf þróunar og að stýra áhættufjarmagni.

Stefnumótun sveitarfélaga er nauðsyn. Það er hins vegar mat Iðntæknistofnunar að með sama hætti og að það er nauðsynlegt að móta stefnu þá er nauðsynlegt að viðkomandi íbúar séu þátttakendur í mótun hennar. Í stefnumótunarverkefnum Iðntæknistofnunar er þetta frumskilyrði.

Menntunarþátturinn er grundvallaratriði til að byggja einhverja framtíð á. Best væri að það gæti haldist í hendur annars vegar uppbygging menntunar og svo hins vegar mótun starfa er krefjast menntunar og sérþekkingar.

Meðfylgjandi mynd hefur verið sett fram þessu til stuðnings.



Hér er um að ræða verkefni sem markaðurinn mun sjá sér hag í að vinna. Byggir á frumkvæði heimamanna, fyrirtækja og stofnana. Þessi verkefni hafa skjót áhrif á atvinnulíf en byggja ekki eins upp hæfni og færni.

Verkefni sem hafa langtímaáhrif á byggðir. Verkefnið krefjast fjárfestinga. Þau geta gefið mun meira af sér til lengri tíma litið vegna uppbyggingar á sérþekkingu og störfum sem skapast í tengslum við þau.




Það er ljóst að ef stefnt er að langtíma uppbyggingu atvinnulífs þá verður það ekki gert nema með sértækum lausnum hvort sem það er vegna metnaðar einkaaðila eða opinbera aðila. Slíkar lausnir þurfa sértæka þekkingu og fjármagn.

Hvar eru sóknarfærin

Segja má að sóknarfærin séu óháð núverandi atvinnuuppbyggingu. Hún byggist frekar á að finna nýjar lausnir – lausnir sem eru sértækar, þar sem til staðar er virkur eða óvirkur markaður og þekking.

Ferðapjónustan hefur verið vaxandi atvinnugrein. Afkoma greinarinnar hefur hins vegar verið léleg. Þeir staðir sem ná að dafna hins vegar eru þeir staðir sem bjóða ferðamönnum upp á sértæka þjónustu; Bláa lónið, Vesturfarasetrið við Hofsó og nýjasta dæmið Galdrasetrið á Ströndum. Meðfylgjandi mynd útskýrir samhengið á milli þess að veita sértæka þjónustu byggða á þekkingu og vitund um viðkomandi áfangastað.



Hvernig á skipulagið að vera – lög og reglugerðir

Það er skoðun Iðntæknistofnunar að áherslan í umræðu um byggðamál einkennist um of af umræðu um skipulagsmál á kostnað aðgerða. Við tökum undir að nauðsynlegt er að endurskoða fyrirkomulag opinbers stuðnings þannig að hann verði skilvirkari. Slík endurskoðun þarf hins vegar að vera gerð á grundvelli þarfa markaðarins og atvinnulífsins en ekki á grundvelli hagsmuna.

Þáttur í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni er til dæmis að endurskoða lög er tengjast landbúnaði. Einfalda þarf löggjöfina og taka út letjandi atriði í lögunum eins og um eignarhald á jörðum o.fl. Framseljanlegt greiðslumark í sauðfjárrækt er mikilvægur þáttur en spurning er um getu greinarinnar til að fjárfesta eftir langt og erfitt tímabil.




Tillögur um aðgerðir – nokkrar athugasemdir

Tillögurnar eru metnaðarfullar og megininntakið gott. Lagt er til að farið verði út í gerð áætlana og athugana, en það kann að verða á kostnað aðgerða til lausnar viðfangsefna. Það er þó ljóst að vandratað er milli vandaðs undirbúnings og framkvæmdaþátta. Dæmi um áætlanir er að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu, heildarathugun á mismunandi búsetuskilyrðum fólks og heildarathugun á mismunandi starfsskilyrðum atvinnuveganna, áætlun um uppbyggingu fiskeldi, fjarvinnsluáætlun fyrir ráðuneyti og opinbera aðila. Verkefnin eru góð, en spurningin er hvort ekki er hægt að vinna þessi verkefni þannig að vinnan verði skilvirkari. Í því sambandi má fela hæfum aðilum að leysa viðfangsefni með útboði eða árangurssamningi.

Iðntæknistofnun líst vel á þau mál er lúta að uppbyggingu á Akureyri og Eyjarfjarðarsvæðinu. Bygðaaætlun fyrir svæðið er með mælanlegt markmið. Uppbygging Nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri er þarft mál. Gæta þarf hins vegar að því að slík stöð verði ekki byggð upp sem eyland í þjónustuflórunni heldur verði séð til að starfsemin tengist á verkefnisgrunni öðrum stofnunum og hafi sértækt verkefnasvið þannig að skörun þekkingar og verksviða verði sem minnst.

Virðingarfyllst,


Hallgrímur Jónasson
forstjóri

Reykjavík, 20. mars 2002.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Bréfsími 563 0430

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005.

Við er til bréfs nefndasviðs Alþingis dags. 6. mars 2002 varðandi ofangreint mál. Undirritaður lögmaður annast umsögn málsins fyrir hönd Íslandssíma hf.

Íslandssími gerir enga athugasemd við orðalag þingsályktunarinnar sem slíkrar, enda er hún almennt orðuð markmiðsyfirlýsing. Félagið er hins vegar með nokkrar athugasemdir við áætlunina sem slíka og þær tillögur um aðgerðir sem lagðar eru fram í henni.

1. Umsögn um II kafla, 11 tölulið. Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni.

Hægt er að taka undir þá skoðun að nýting fjarskiptatækni feli í sér möguleika á að jafna aðstöðumun milli þéttbýlis og dreifbýlis, og að slíkt geti aukið atvinnumöguleika í formi fjarvinnslu. Það er hins vegar ljóst að uppsetning fjarskiptanets kostar meira í dreifbýli en þéttbýli og það eru færri notendur sem greiða kostnað af uppsetningu og rekstur netsins. Íslandssíma hf. hefur þá almennu skoðun að það sé ekki eðlilegt að beita jöfnunargjöldum til að færa til fjármuni landsmanna. Allur kostnaður í fjarskiptanetinu á að byggjast á raunkostnaði og neytandi á að greiða þann kostnað sem hlýst af því að þjónusta hann. Öll jöfnunargjöld eru til þess fallin að skeykja kostnaðarvitund almennings. Til þess að ná byggðamarkmiðum á því að koma beinn styrkur úr ríkissjóði.

2. Umsögn um III kafla, 10 tölulið. Fjarskiptamál í dreifbýli.

Í tillögunni er lagt til að starfshópur kanni möguleika á að leggja ljósleiðara til allra lögheimila í dreifbýli.


Það er mat Íslandssíma að þessi tillaga sé svo óraunhæf að ekki taki því að setja starfshóp í þetta verkefni. Flutningsgeta ljósleiðara er mörg þúsundföld gagnaflytningsspörf venjulegs heimilis. Það má í samanburði allt eins leggja til að lagður verði fjórbreiður vegur með bundnu slitlagi á hvern sveitabæ á landinu. Venjuleg ADSL þjónusta, sem fer yfir koparlínur, mun duga heimilum um ókomna tíð, og þá einnig sveitaheimilum.

3. Umsögn um III kafla, 11 tölulið. Jöfnun verðs á gagnaflutningi.

Í tillögunni er lagt til að notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á landinu öllu. Eins og áður sagði þá eru jöfnunargjöld til þess fallin að notendur missi kostnaðarvitund sína og því er Íslandssími almennt á móti jöfnunargjöldum. Reyndar er lagt jöfnunargjald á alla þjónustu sem fellur undir alþjónustu og málið væri þá frekar að setja gagnaflutningsþjónustu, svo sem ADSL þjónustu undir alþjónustukvöðina.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd Íslandsíma hf.



Agúst Sindri Karlsson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1682
komudagur 5.4.2002
Dagsetning

Tilvísun
04.04.2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Efni: Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 538. mál

Skv. beiðni yðar frá 6. mars sl. sendum við yður hér með umsögn okkar um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 538. mál.

Það sem við teljum athugasvert er rauðlitað. Athugasemdirnar eru settar fram með grænum stöfum.

Virðingarfyllst,


Bergþór Halldórsson
frankvæmdastjóri fjarskiptasviðs


Sæmundur E. Þorsteinsson
forstöðumaður rannsóknardeildar

Síminn
við Austurvöll
150 Reykjavík
Sími: 550 6000
Fax: 550 6009
Heimasíða: www.siminn.is
Netfang: siminn@siminn.is



Athugasemdir frá Landssíma Íslands hf. um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 538. mál

11. Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni.

Aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni skiptir æ meira máli fyrir almenna borgara, atvinnulífið og opinberar stofnanir. Hann verður sífellt mikilvægari þáttur í almennum lífs skilyrðum fólks, svo sem aðstöðu þess til að afla sér upplýsinga, hafa áhrif á samfélag sitt, menntast og eiga samskipti við aðra. Slíkur aðgangur hefur einnig áhrif á möguleika á stofn un fyrirtækja og eflir starfsemi þeirra sem fyrir eru. Síðast en ekki síst skiptir aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni meginmáli fyrir opinberar stofnanir á borð við skóla, rann sóknasetur, bókasöfn og stjórnsýslustofnanir.

Nýting fjarskipta- og upplýsingatækni felur jafnframt í sér einstaka möguleika til að jafna aðstöðumun milli borgaranna sem m.a. getur skapast vegna fjarlægðar á milli staða og strjál býlis. Svo dæmi sé tekið skapar hún forsendur fyrir því að íbúar í öllum landshlutum geti aflað sér háskólamenntunar án þess að þurfa að flytja búferlum. Með fjarlægningum má í mörgum tilvikum bjóða sérhæfðari og fullkomnari heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Atvinnukostir fólks í dreifbýli aukast, m.a. með fjarvinnslu og með því að gefa fyrirtækjum á landsbyggðinni, sem reiða sig á upplýsingatækni og fjarskipti, tækifæri til að keppa á jafn réttisgrundvelli við sambærileg fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Nýting fjarskipta- og upplýsingatækni er því mikilvægur liður í því að jafna almenn búsetuskilyrði.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að uppbyggingu upplýsingakerfis sem þjóna á öllum bókasöfnum í landinu. Nýja upplýsingakerfið mun gjörbreyta starfsumhverfi bóka safna.

Almenningur mun hafa aðgang að kerfinu í gegnum veraldarvefinn. Menntamálaráðuneytið hefur einnig samið um landsaðgang að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, en það er mikilvægt skref í þá átt að jafna aðstöðu landsmanna til náms, rannsókna og starfa í þekkingarþjófúfélagi. Slíkur aðgangur gerir einnig fyrirtækjum sem starfa í þekkingariðnaði kleift að setja starfsstöðvar sínar niður á landsbyggðinni og möguleikar sérfræðinga til að búa á landsbyggðinni og starfa þar í fjarvinnslu aukast. Þá hefur kennslu og námsefni í æ ríkari mæli verið miðlað um netið. Fyrir liggja tillögur um að koma á fjarkennsluneti sem tengi saman alla framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar.

Lagt er til að meginmarkmið, hvað fjarskipta- og upplýsingamál varðar, verði eftirfarandi:

a. Allir landsmenn hafi fullan og jafnan aðgang að þeim kostum sem standa til boða á sviði fjarskipta- og upplýsingatækni.

Þetta markmið er óraunsætt. Það eru tvær leiðir til að ná því. Annars vegar að leggja í gríðarlegar fjárfestingar til að hægt sé að bjóða alla fjarskiptaþjónustu í dreifbýli og ystu afdölum. Hins vegar að draga svo úr fjarskiptaþjónustu í þéttbýli að hún jafnist á við það sem gerist í sveitum, t.d. ætti ekki að bjóða upp á ADSL í þéttbýli. Þetta ákvæði gæti því í raun staðið í vegi fyrir nýjungum í fjarskiptum þar sem ekkert fyrirtæki gæti innleitt nýja kosti nema að tryggja samtímis að hægt verði að bjóða sömu þjónustu í dreifbýli.

b. Fjarskipta- og upplýsingatækni verði markvisst nýtt til að bæta aðgengi og gæði grunn þjónustu á landsbyggðinni, svo sem á sviði menntunar- og heilbrigðisþjónustu.

c. Fjarskipta- og upplýsingatækni verði hagnýtt til að skapa ný tækifæri í atvinnulífi á landsbyggðinni.

13. Efling fjarvinnslu hjá hinu opinbera. *Meginhugmynd* Hið opinbera geri fjarvinnsluáætlun fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir þar sem fram komi hvernig opinberum starfsmönnum verði gert kleift að vinna störf sín að hluta eða öllu leyti í fjarvinnslu. Einnig hvernig hið opinbera geti í auknum mæli keypt fjarvinnsluverkefni í verktöku af fyrirtækjum og sjálfstætt starfandi verktökum. *Markmið* Að skapa tækifæri fyrir fólk til að búa fjarri vinnustað ríkisstofnana og eiga þannig kost á störfum við hæfi óháð búsetu. Fjölmörg störf í þekkingarsamfélagi nútímans eru þess eðlis að í stað þess að starfsmaður mæti daglega á vinnustað nægir að hann mæti til dæmis 1–3 daga í viku. Þetta gerir að verkum að fólk getur ferðast mun lengri vegalengd á vinnustað sinn en ef því væri skylt að mæta þangað daglega. Fjar vinnsla eykur jafnframt möguleika fólks til „tvöfaldrar búsetu“, en hún hefur aukist á undanförunum árum. Einnig eykur fjarvinnsla möguleika á sveigjanlegum vinnutíma sem er kostur fyrir fjölskyldufólk. Ef kostir fjarvinnslu verða hagnýttir fyrir umtals verðan hluta vinnumarkaðarins er líklegt að það dragi úr umferð vegna færri ferða fólks til og frá vinnu og bjóði jafnframt upp á nýjar og hagkvæmar lausnir í skipu lagsmálum. Loks má nefna að fjarvinnsla getur sparað ríkinu húsnæðiskostnað. *Ábyrgð á framkvæmd* Fjármálaráðuneyti. *Aðrir þátttakendur* Ráðuneyti og opinberar stofnanir. *Tímaáætlun* 2002–2005. *Kostnaður* Undirbúningskostnaður er einhver. Fjarvinnsla á ekki að auka kostnað af starfsemi hins opinbera en er hagkvæm fyrir þjóðarþúíð. Þó þarf að gera ráð fyrir stofnkostnaði.

Orðið “fjarvinnsla” hefur neikvæða merkingu í huga stórs hluta þjóðarinnar einkum vegna hins misheppnaða átaks sem ráðist var í fyrir fáum misserum og kynnt var undir merkjum “fjarvinnslu”. Orðið nær einnig ekki þeirri merkingu sem hér er átt við en orðið “fjarvinna” nær henni miklu betur. Orðið vinnsla kemur fram í sametningum eins og “fiskvinnsla”, álvinnsla”, “tölvuvinnsla”. Ekkert þessara orða nær yfir vinnu einstakra manna heldur eiga fremur við ferli (process). Orðið “fjarvinnsla” hefur sömu skýrskotun. Orðin “fiskvinna” og “tölvuvinna” vísa hins vegar beint til þess að maður sé að vinna í fiski eða við tölvu. Á sama hátt vísar orðið fjarvinna til þess að maður er að vinna að tilteknu verkefni þótt hann sé staddur fjarri eiginlegum vinnustað. Orðið fjarvinna er nú orðið ráðandi í umfjöllun sérfræðinga á þessu sviði.

Það er því mikilvægt að nota “fjarvinnu” í stað “fjarvinnslu” í þessari tillögu til þingsályktunar.

11. Verkefnið „rafrænt samfélag“. *Meginhugmynd* Stofnað verði til verkefnisins „rafrænt“ samfélag, sem felur í sér að bjóða 2–3 fram sæknum byggðarlögum framlag úr ríkissjóði á móti eigin framlagi til að hrinda í framkvæmd metnaðarfullum aðgerðum sem hafa að markmiði að auka nýsköpun í atvinnulífi og bæta afkomu íbúanna, auka menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og félagslegar aðstæður og efla lýðræðið. *Markmið* Þróun búsetu og atvinnulífs á landsbyggðinni mun m.a. byggjast á því hvernig ein staklingum og fyrirtækjum tekst að tileinka sér upplýsinga- og fjarskiptatæknina og hagnýta sér hina margvíslegu notkunarmöguleika hennar. Netnotkun á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, enda er markviss notkun netsins einn mikilvægasti þáttur í því að bæta alþjóðlega samkeppnisstöðu okkar. Til þess að landsbyggðin verði virkur þátttakandi í þessari þróun þarf að treysta stöðu „upplýsingasamfélagsins“ úti um landið. Í þeim tilgangi er lögð fram þessi tillaga að framsæknu reynslu verkefni sem getur orðið fyrirmynd að uppbyggingu upplýsingasamfélagsins víðs vegar um land. *Ábyrgð á framkvæmd* Byggðastofnun. *Aðrir þátttakendur* Samband íslenskra sveitarfélaga og þau 2–3 byggðarlög sem valin verða til þátttöku í verkefninu. *Tímaáætlun* 2002–2005. *Kostnaður* 30–40 millj. kr. á ári í 3–4 ár. *Annað* Hliðstætt verkefni hefur gefið góða raun í Kanada.

10. Fjarskiptamál í dreifbýli. *Meginhugmynd* Skipaður verði starfshópur á árinu 2002 er fjalli um fjarskiptamál í dreifbýli. Skal starfshópurinn kanna möguleika á að leggja ljósleiðara til allra lögheimila í dreifbýli. Telji hann slíka framkvæmd fýsilega skal hann setja fram áætlun um hvernig þetta skuli gert, hvenær og hve mikið framkvæmdin kosti. Skal starfshópurinn skila af sér fyrir lok ársins 2002. *Markmið* Að kanna hvort fýsilegt sé að leggja ljósleiðara um sveitir landsins og leysa þannig þarfir dreifbýlisins fyrir góðar tengingar. Með slíkum ljósleiðara er hægt að bjóða alla fjarskiptaþjónustu, þar á meðal stafrænt sjónvarp og útvarp. Með ljósleiðaravæðingu fæst góð lausn fyrir fjarskiptatengingar bæði heimila og fyrirtækja. Ljósleiðarar geta borið nærri ótakmarkaðan gagnaflaum, takmörkin eru einungis í búnaðinum sem tengdur er við ljósleiðara. Ljósleiðarar eru ódýrir en endabúnaðurinn er dýr og dýrt er að leggja ljósleiðara langar vegalengdir. Tækniframfarir í ljósleiðaratækni eru stórstígar nú og búnaður lækkar óðum í verði. *Ábyrgð á framkvæmd* Samgönguráðuneyti. *Aðrir þátttakendur* Íbúar í sveitum. *Tímaáætlun* 2002. *Kostnaður* Ljóst er að um mjög dýra framkvæmd er að ræða en þó er tímabært að gefa þessari lausn gaum. *Annað* Fordæmi eru fyrir því erlendis að bændur og aðrir húseigendur í sveitum plægi sjálfir fyrir ljósleiðaralögnum og taki þannig þátt í hluta kostnaðar.

11. Jöfnun verðs á gagnaflutningi. *Meginhugmynd* Notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á landinu öllu. *Markmið* Að mishár fjarskiptakostnaður skekki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja og stofnana eftir staðsetningu þeirra. Að þessi munur verði jafnaður með jöfnunargreiðslum úr ríkissjóði. Þessu má líkja við jöfnun á raforkukostnaði sem hefur tíðkast á Íslandi um árabil. Nú er svo komið að aðgengi að góðum fjarskiptum fer að vega álíka mikið við rekstur fyrirtækja og aðgengi að raforkunetinu. Jöfnun fjarskiptakostnaðar lýtur því sömu rökum og jöfnun raforkukostnaðar. *Ábyrgð á framkvæmd* Samgönguráðuneyti. *Tímaáætlun* 2002–2005. *Kostnaður* Um mikinn kostnað er að ræða.

Áhersla er lögð á það að þessi jöfnun verði ekki fjármögnuð með sérstakri skattlagningu á fjarskiptafyrirtækin. Slíkt myndi leiða til dýrari fjarskipta fyrir alla aðila og þar með draga úr þeim þjóðhagslega ávinningi sem fjarskiptunum fylgir því menn myndu síður nýta sér kosti þeirra.

12. Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni. *Meginhugmynd* Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið unnið markvisst að stefnumörkun á sviði „rafrænnar“ menntunar, auk þess sem margt hefur áunnist í þessum málaflokki. Lagt er til að haldið verði markvisst áfram á þeirri braut sem ráðuneytið hefur mark að. Í því sambandi er lögð áhersla á að starfsemi símenntunarstöðva verði eflid með auknum fjárveitingum, að meira verði fjárfest í fjarfundabúnaði, að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi og að stofnað verði til „rafrænna“ nemendahópa við kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Einnig að fólki hvar sem er á landinu verði gert kleift að stunda háskólanám í fjarnámi. *Markmið* Að styrkja byggð á landsbyggðinni með bættu aðgengi að menntun á öllum stigum, þ.e. grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Þetta á einnig við um starfsnám þar sem nemendur geta sinnt bóklegu námi í fjarnámi en verklegu námi í heimabyggð. Þá hefur mikilvægi símenntunar aukist á undanförunum árum og þarf hún að standa almenningi til boða óháð búsetu. *Ábyrgð á framkvæmd* Menntamálaráðuneyti. *Aðrir þátttakendur* Símenntunarstöðvar og skólaförfarir. *Tímaáætlun* 2002–2005. *Kostnaður* Óviss.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1412
komudagur 21.3.2002



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi 20. mars 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggðamál.

Lánasjóði landbúnaðarins hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Lánasjóðs landbúnaðarins um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005.

Af hálfu Lánasjóðsins eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir við einstök atriði ályktunarinnar. Þó vill sjóðurinn lýsa sig fylgjandi aukinni samvinnu opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs og jafnframt bjóða fram krafta sína á þeim vettvangi. Það er þó skoðun sjóðsins að hann eigi áfram að vera stofnlánasjóður fyrir bændur og landbúnaðinn og nýtast sem slíkur til að tryggja bændum á öllu landinu aðgang að hagstæðri fjármögnun. Slíkt hlutverk sjóðsins kemur þó á engan hátt í veg fyrir samvinnu við aðra opinbera sjóði. Þvert á móti er það skoðun stjórnarinnar að með slíku samstarfi verði unnt að efla starfsemi sjóðsins og gera honum betur kleift að sinna óskum viðskiptavina sinna og þannig leggja sitt af mörkum til eflingar byggðar í landinu.

Þá vill sjóðurinn minna á að skrifstofa sjóðsins og starfsemi hans öll var flutt frá Reykjavík til Selfoss á vormánuðum árið 2000. Þessir flutningar tókust með ágætum og sjóðurinn hefur leyst verkefni sín með mjög svipuðum hætti og var meðan hann var staðsettur í Reykjavík. Reynsla Lánasjóðsins af þessum flutningum er því um flest með ágætum.

F.h. Lánasjóðs landbúnaðarins,


Guðm. Stefánsson

Austurvegi 10, 800 Selfoss
Kennitala: 491079-0299
Sími: 480 6000
Bréfasími: 480 6001
Netfang: llb@llb.is
Veffang: www.llb.is



Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Keflavík ST/14. mars 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005 vegna 12. (og 18. liðar) sbr. bréf yðar dags. 12. þ.m.

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, MSS, fagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 12. lið um „Efling náms með fjarskipta og upplýsingatækni“, þar sem lagt er til að „starfsemi símenntunarmiðstöðva verði eflð með auknum fjárveitingum, að meira verði fjárfest í fjarfundabúnaði og að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi og að stofnað verði til „rafrænna“ nemendahópa við kennslu á grunn- og framhaldskólastigi. Einnig að fólki hvar sem er á landinu, verði gert kleift að stunda háskólanám í fjarnámi.“

MSS leggur áherslu á að starfsemi miðstöðvarinnar verði eflð með auknum fjárveitingum til tækjabúnaðar til fjarnáms, til kynningarstarfa og aukinnar ráðgjafar til einstaklinga og fyrirtækja. Að starfsnám verði gert aðgengilegra með fjarnámi með því markmiði að styrkja byggð í landinu.

Hjá MSS stunda nú um 60 einstaklingar háskólanám, nemendur sem ella hefðu ekki sótt nám utan héraðs. Þessir nemendur mynda „rafræna“ nemendahópa í sérstakri aðstöðu hjá miðstöðinni fyrir hjúkrunarfræði, rekstarfræði og leikskólafræði sem nemarnir stunda frá Háskólanum á Akureyri. Fast er sótt á MSS að bjóða upp á fjarnám til grunnskólakennararéttinda.


Stjórn MSS telur það vera hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöða að efla samvinnu við menntastofnanir og aðra þá aðila sem bjóða háskólanám, fullorðinsfræðslu og símenntun í landinu með það að markmiði að auka aðgengi almennings að menntun og þekkingu á heimaslóð. Til að efla stoðþjónustu við fjarnema á háskólastigi hefur MSS komið upp aðstöðu fyrir nema á heimaslóð sem felur í sér:

- Aðgang að tölvum
- Aðstöðu til hópvinnu
- Aðgang að fjarfundabúnaði
- Aðgang að náms- og starfsráðgjöf
- Aðstaða til próftöku

Heildarkostnaður vegna fjarnáms háskólastigi er um kr. 12 milljónir hjá MSS, miðað við nemendafjölda og þá aðstöðu sem þar er í boði. Þennan kostnað verður að telja eðlilegt að greiða úr ríkissjóði, en Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur auk aðila vinnumarkaðar og fyrirtæki á Suðurnesjum stutt starfsemi MSS með fjárframlögum.

Stjórn MSS hefur skilning á því sjónarmiði sem fram kemur í þingsályktunartillögunni, 18. lið, þess efnis að efla sérstaklega símenntunarmiðstöðvarnar á Ísafirði og á Egilstöðum. Stjórnin tekur þó fram að símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni hafi starfað náið saman og haft frumkvæði að eflingu náms með nútíma upplýsignatækni. Stjórnin bendir einnig á það að ef markmið símenntunarmiðstöðva er að hluta að efla svæði þar sem grunn- og framhaldsmenntun er lítil fyrir og að grípa þurfi til sértækra aðgerða þess vegna, er ekki síður mikilvægt að efla stafsemina á Suðurnesjum þar sem háskóla- og önnur framhaldsmenntun er einna lægst á landinu. MSS hefur þegar sannað gildi sitt til að bæta úr því ástandi, en betur má ef duga skal.

F.h. stjórnar MSS


Ólafur Jón Arnbjörnsson,
formaður stjórnar



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Erindi nr. P 127/1448
komudagur 25. 3. 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2002

**Efni: Umsögn vegna þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002 – 2005,
538. mál samkvæmt bréfi til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins dagsett 6.
mars sl.**

Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hafa farið yfir ofangreinda þingsályktun og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri. Ekki hefur gefist tækifæri til að kynna efni þingsályktunarinnar fyrir stjórn sjóðsins.

Það er rétt að leggja á það áherslu að í starfsemi Nýsköpunarsjóðs er ekki sérstaklega horft til staðsetningar fyrirtækja eða verkefna þegar ákveðið er hvort viðkomandi nýtur þjónustu sjóðsins, annað hvort í formi áhættuláns til vöruþróunar eða markaðsaðgerða eða með hlutafjárþátttöku sjóðsins í viðkomandi fyrirtæki. Litið er á landið í heild sem einn markað hjá sjóðnum og ekki eru veitt “lán eða fjárhagslegur stuðningur” nema að sjóðurinn telji að von sé til þess að verkefnið komi til með að skila sjóðnum viðunandi arðsemi, heppnist viðkomandi verkefni. Þetta ber að hafa í huga þannig að hlutverk sjóðsins sé ekki misskilið í þessu samhengi. Þetta er sérstaklega tekið fram vegna 3ja tl. á bls. 7 í þingsályktuninni.

Nýsköpunarsjóður er hins vegar þátttakandi í sérstökum framtakssjóðum sem hafa það að markmiði að fjárfesta í hátækni og upplýsingaiðnaði á landsbyggðinni. Sennilega væri réttara að geta þessara sjóða sem hálfopinberra sjóða sem hafa skilgreindu hlutverki að gegna á landsbyggðinni. Sjóðirnir eru af 2/3 fjármagnaðir af Nýsköpunarsjóði og 1/3 af öðrum aðilum og af þeim ástæðum er litið á þá sem hálfopinbera sjóði í þessu samhengi.

Eðli máls samkvæmt er á nokkrum stöðum í þingsályktuninni rætt um uppbyggingu atvinnulífs og opinbert stuðningskerfi í því sambandi. Má í því sambandi t.d. benda á 1. tl. á bls. 3 og 3ju málsgr. 2. tl. á bls. 7. Það er mjög mikilvægt að mati starfsmanna Nýsköpunarsjóðs að alls staðar í slíkum tilfellum sé lögð áhersla á **arðsaman atvinnurekstur**. Hér er um nauðsynlega forsendu að ræða, sem aldrei má hvika frá, ef hinar metnaðarfullu væntingar, sem stefnt er að í þingsályktuninni, eiga að verða að veruleika.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Kennitala: 691097 2859
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Íceland
Tel: (354) 510 1800
Fax: (354) 510 1809
www.nsa.is




Að lokum vilja starfsmenn Nýsköpunarsjóðs benda á mjög víðtæka skilgreiningu sem fram kemur á blaðsíðu 1 undir lið d. Þar kemur m.a. fram að;

“....., svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við áttuga sína með því að gera þeim kleift að búa þar áfram.”

Að mati starfsmanna Nýsköpunarsjóðs er hér um mjög metnaðarfulla stefnu að ræða. Hins vegar má setja spurningarmerki við það hversu raunhæft þetta tiltekna atriði er. Á Íslandi búa tæplega 300 þúsund manns. Ef framfylgja á þessu meginmarkmiði má ætla að tilkostnaður þess verði fjármálum þjóðarinnar þungt í skauti.

Virðingarfyllt,
f.h. Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins


Úlfar Steindórsson, Framkvæmdastjóri.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Kennitala: 691097 2859
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Iceland
Tel: (354) 510 1800
Fax: (354) 510 1809
www.nsa.is

Alþingi
Erindi nr. P 127/1590
komudagur 3.4.2002

5. mars 1999

Skýrsla um byggðamál

Inngangur

Í september 1997 skipaði forsætisráðherra, samkvæmt tilnefningu allra þingflokka er þá voru á Alþingi, nefnd til að endurskoða kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin skilaði ráðherra skýrslu sinni í byrjun október 1998. Þar eru lagðar til viðamiklar breytingar á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis. Tillögur nefndarinnar miða að því að draga úr misvægi atkvæða milli kjördæma og munu þannig leiða til þess að nokkur þingsæti færast frá landsbyggðarkjördæmum til þéttbýliskjördæma á suðvesturhorni landsins. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að slík breyting leiði til umræðna um vanda landsbyggðarinnar. Leggur hún því til að fjallað verði sérstaklega um ýmis atriði er varða hagsmuni þeirra kjördæma þar sem þingsæstum fækkar. Í 15. kafla skýrslunnar segir m.a. svo:

„15.1 Byggða- og félagsmál

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á skipun kjördæma og úthlutun þingsæta, gefa tilefni til að fjallað verði um hvort ástæða sé til að grípa til aðgerða til að styrkja og styrkja búsetu á landsbyggðinni. Í því efni má nefna samgöngu- og vegamál, t.a.m. örari endurbætur á vegtengingum einstakra byggða við aðalvegakerfi landsins, fjarskiptamál, húshitunarkostnað á hinum svonefndu köldu svæðum, námskostnað vegna framhaldnámsa o.fl.

15.2 Starfsaðstæða þingmanna.

Verði tillögur nefndarinnar að lögum er ljóst að aðstæða þingmanna til að sinna kjósendum í hinum landfræðilega stærri kjördæmum verður önnur en áður. Með hliðsjón af því hvetur nefndin til að aðstoð við þingmenn úr þessum kjördæmum verði aukin, t.d. þannig að þingmenn fái styrk til að njóta liðsinnis starfsmanns eða til annars konar aðstoðar.“

Í samræmi við þessar tillögur nefndarinnar ákvað forsætisráðherra að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um framangreind atriði. Í skipunarbréfi nefndarinnar dags. 15. október 1998 er tekið fram að hafa skuli hliðsjón af þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998-2001 sem lögð hefur verið fram á Alþingi.

Í nefndina voru skipuð Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, sem jafnframt er formaður, Tómas Ingi Ólrich alþingismaður, samkvæmt tilnefningu þingflokks sjálfstæðismanna, Magnús Stefánsson alþingismaður, samkvæmt tilnefningu þingflokks framsóknarmanna, Kristján L. Möller framkvæmdastjóri, samkvæmt tilnefningu þingflokks jafnaðarmanna, Svavar Gestsson alþingismaður, samkvæmt tilnefningu þingflokks Alþýðubandalagsins, Steingrímur J. Sigfússon

alþingismaður, samkvæmt tilnefningu þingflokks Óháðra, og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fv. alþingismaður, samkvæmt tilnefningu þingflokks Samtaka um kvænnalista. Skarphéðinn B. Steinarsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu hefur starfað með nefndinni.

Nefndin fól Próunarsviði Bygðastofnunar á Sauðárkróki að leggja mat á stöðu byggðamála eins og hún er í dag og greina enn fremur ástæður byggða og búseturöskunarinnar sem orðið hefur á síðustu árum. Samantekt próunarsviðsins fylgir hér með.

Áherslubreytingar á sviði byggðamál

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 er með margvíslegum hætti fjallað um áherslur í byggðamálum og eflingu byggðar í landinu. Í framsöguræðu með þingsályktunartillögu um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998 - 2001 fyrir í vetur fjallaði forsætisráðherra um áhersluatriði ríkisstjórnar sinnar í byggðamálum. Kom þar m.a. fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að samheldni megi ríkja með þjóðinni og milli dreifbýlis og þéttbýlis. Ríkisstjórnin telur að framhald eigi að vera á þeirri viðleitni sem uppi hefur verið og miðar að því að auka fjölbreytni atvinnulífs og atvinnutækifæra á landsbyggðinni. Segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að Bygðastofnun í samvinnu við m.a. atvinnuráðgjafa eigi að stuðla að sókn og uppbyggingu atvinnulífsins um land allt.

Sagði forsætisráðherra enn fremur að ríkisstjórnin vilji efla byggð í landinu með traustum og góðum samgöngum þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar nýtist með hagkvæmum hætti. Jafnframt vilji ríkisstjórnin tryggja góða opinbera þjónustu um allt land sem sé landsmönnum öllum aðgengileg. Er lögð áhersla á að opinber þjónusta sé byggð upp þar sem hagkvæmt er að veita hana og þar sem flestir geta fært sér hana í nyt. Með staðsetningu opinberrar þjónustu ber að stuðla að eflingu vaxtarvæða á landsbyggðinni þar sem bestar forsendur eru til að koma til móts við kröfur um fjölbreytni þjónustu og fjölbreytt framboð atvinnutækifæra. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga, sem ríkisstjórnin vill áfram vinna að, miðar að sama marki.

Að undanförmu hefur verið unnið að framkvæmd þessarar almennu stefnu og sér þess glögg merki í starfsemi Bygðastofnunar. Breytingar hafa verið gerðar á lögum og reglugerð um Bygðastofnun. Af því hafa leitt ýmsar áherslubreytingar í starfi stofnunarinnar. Á meðal breytinga að undanförmu eru:

- Breytingar á starfsskipulagi og starfsháttum Bygðastofnunar hefur verið hrint í framkvæmd. Stjórn stofnunarinnar ákvað að flytja próunarsvið stofnunarinnar til Sauðárkróks. Fyrir á þessu ári tók stjórnin svo ákvörðun um að leggja niður skrifstofur sínar á Egilsstöðum og Ísafirði en nota það fé sem við það sparast til að auka enn starfsemi á ábyrgð heimaðila í

Þessum landshlunum.

- Aðskilnaður á milli lánastarfsemi Bygðastofnunar og annarrar starfsemi, svo sem úrtækta og atvinnuþróunarstarfs. Lánastarfsemi Bygðastofnunar hefur löngum verið ágreiningsefni. Af því tilefni hefur verið sett ákvæði í reglugerð um Bygðastofnun ákvæði sem móta ásættanlega umgjörð um lánastarfsemina. Hún þarf bæði að lúta aðhaldi og að gera mögulegt að taka þá áhættu sem fylgir nýjungum og veðsemingarhæfni eigna á landsbyggðinni. Þá eru í nýju reglugerðinni kveðið á um undirbúning mála til ákvörðunar stjórnar. Tekin eru af öll rítmæli um að stofnuninni ber að sýslýsa eftir umsóknunum um styrki og sett ákvæði um afgreiðslu umsókna. Sett eru ákvæði um eftirgjöf skulda. Einnig eru ítarleg ákvæði um þátttöku stofnunarinnar í atvinnuþróunarfélögum og stuðning við atvinnuráðgjafa í hverju kjördæmi.
- Bygðastofnun skal framvegis ekki vera beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Bygðastofnun er þó heimilt að taka þátt í félögum með fjárframlagi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög. Það skilyrði er þó sett að eignarhluti Bygðastofnunar í slíkum félögum megi ekki vera meiri en 40%. Hlutfur fagfjárfesta, fyrirtækja í einkaeigu og einstaklinga skal vera a.m.k. 20%. Stofnuninni er þó áfram heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutafé.

Fjöldmargar áherslur í fyrrnefndri þingsályktunartillögu taka mið af breyttri stefnu. Á meðal áhersluatriða eru eftirfarandi:

- Auka fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Á undanförunum árum hefur orðið mikil efling í atvinnuþróunarstarfsemi á ábyrgð aðila í héraði. Bygðastofnun hefur stutt það með stóráuknu fjármagni að undanförunu.
- Lánastarfsemi Bygðastofnunar verði rekin á arðsemisgrundvelli. Reikningslegur aðskilnaður verði milli lánastarfsemi Bygðastofnunar og annarrar starfsemi á vegum hennar. Þetta er í anda þeirrar stefnu að gera ljós skil á milli þess sem nýtur stuðnings ríkisvaldsins og annarrar starfsemi.
- Skortur á áhættufjármagni hefur verið talinn standa nauðsynlegri fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni fyrir þrífum. Í því skyni m.a. er hluta af fjármagni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins varið til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni. Aðilar í héraði hafa einnig hug á að geta tekið þátt í félögum sem hafa aukna fjölbreytni í atvinnu að markmiði. Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir því að þátttaka Bygðastofnunar í eignarhaldsfélögum sé fjármögnuð með sérstökum fjárveitingum af fjárlögum sem geti numið allt að 300 m.kr. á ári á gildistíma áætlunarinnar.
- Góðar samgöngur eru mikilvægar fyrir þróun byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Viða

er nauðsynlegt að stunda arvinna um lengri veg en áður. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að gripið verði til aðgerða til að auðvalda fólki í stjálbyli arvinnuáðla og minnka kostnað henni samfara.

- Mikil umræða hefur farið fram á undanförmum misserum um hlut ríkisvaldsins í byggðapróuninni með eigin arvinnustarfsemi. Í þingsályktunartillögunni er lögð áhersla á að opinberum störfum fjölgi ekki minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Leitast verði við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins og reynt að skilgreina eftir föngum verkefni á vegum einstakra ráðuneyta sem unnt væri að sinna á landsbyggðinni. Tillagan gerir ráð fyrir því að einstökum ráðuneytum verði gert að leggja fram tillögur um það hver þessi verkefni geti verið. Þá er í tillögunni fjallað um aukinn tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga.
- Á undanförmum árum hefur mönnum orðið æ ljósara hið mikilvæga gildi mennta- og menningarmála við mótnun heilbrigðra samfélaga sem hafa möguleika til þróunar og vaxtar. Í þingsályktunartillögunni er fjallað um þessi mál. Annars vegar er um að ræða aðgerðir sem stuðla að því að efla menntastofnanir á landsbyggðinni. Hins vegar eru gerðar tillögur sem hafa að markmiði að jafna kostnað og aðstöðu fyrir íbúa á landsbyggðinni að því er varðar aðgang að menntun. Þar er um að ræða bætt skilyrði fyrir fólk til að sækja nám utan heimabyggðar og að þeir miklu möguleikar sem fjarkennsla býður upp á verði nýttir. Á undanförmum misserum hefur orðið veruleg aukning á framboði náms í fjarkennslu, bæði á vegum Háskóla Íslands og menntastofnana á landsbyggðinni.
- Í þingsályktunartillögunni er fjallað um jöfnun lífakjara og þætta samkeppnisstöðu landsbyggðarinnar. Gerð er tillaga um að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis, annars vegar með auknum greiðslum til jöfnunar en hins vegar með því að styrkja aukna nýtingu jarðvarma til húshíunar. Nú þegar hefur verið hrundið af stað sameiginlegu átaki iðnaðarráðuneytis, Bygðastofnunar og Orkusjóðs til að efla leit að jarðhita til húshitunar.

Forsendur aðgerða

Nú hefur þingsályktun um stefnu í Bygðamálum fyrir árin 1999 til 2001 verið samþykkt. Er þar meðal annars byggt á margháttuðum rannsóknum sem unnið hefur verið að fyrir atbeina stjórnar Bygðastofnunar á ýmsum þáttum bygðamála.

Í þeirri nefnd sem starfað hefur að mótnun tillagna í bygðamálum vegna fyrirhugaðra breytinga á kjördæmaskipan hefur einnig verið stuðst við framangreindar rannsóknir. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að tillögur hennar skyldu einkum miðast við aðgerðir sem getu tekið gildi tafarlaust. Almenn stefnumótnun og stefnumótnun til lengri tíma kæmu

fram í þingsályktunartillögunni og því væri ekki eðlilegt að nefndarvinna í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á kjördæmaskipan yrði einnig á því sviði.

Það er einróma niðurstaða nefndarinnar að mjög alvarleg staða sé nú uppi í byggðamálum hér á landi. Búseturöskun hefur orðið allt önnur og meiri hér á landi en í nágrennalöndunum. Forsenda þeirrar tillögugerðar sem unnið hefur verið að er sú að slík þróun sé þjóðfélagslega óæskileg, efnahagslega óhagkvæm og hafi í för með sér misrétti sem nauðsynlegt sé að leiðrétta með þeim ráðum sem hinu opinbera eru tiltæk. Alvara málsins er slík að aðgerðir þola ekki bið. Þegar í stað verður því að grípa til ráðstafana til þess að hægja á búsetuþróuninni og skapa svigrúm til þess að snúa henni við með aðgerðum til lengri tíma í þeim anda sem stefna er mörkuð um í byggðáætluninni sem nú liggur fyrir Alþingi. Því er áhersla lögð á það í stefnumótun nefndarinnar að tillögum hennar verði brúndið hið fyrsta í framkvæmd. Slíkt er forsenda þess að langtímastrafnumótun beri tilætlaðan árangur.

Ljóst er að fækkun íbúa á einstökum svæðum landsins, er nú farin að hafa afar neikvæð áhrif á möguleika fólks til þess að njóta þjónustu hins opinbera víða úti um landið. Sveitarfélög hafa fengið æ meira hlurverk í samfélagsþjónustunni. Með fækkun íbúa og lækkandi tekjum sveitarfélaganna af þeim ástæðum er sú staða komin upp í ýmsum sveitarfélögum að þeim er um megn að bjóða fram þjónustu sem þeim er ætlað. Þess vegna er nauðsynlegt að grípa til sérstakra ráðstafana á svæðum þar sem svo háttar til. Forsenda þess að unnt sé að snúa við íbúaþróuninni er að íbúarnir njóti sambærilegra skilyrða á þessu sviði og aðrir landsmenn.

Hér fara á eftir tillögur sem nefndin hefur orðið sammála um að leggja fram í samræmi við það erindisbréf sem nefndin fékk og birt er hér að framan.

Tillögur um aðgerðir í byggðamálum

Jöfnun lífskjara

1. Húshitunarkostnaður verði lækkaður í jöfnum áföngum, á næstu þremur árum þannig að hann verði hvergi meiri en hjá „meðal dýrum hitaveitum“. (Fjarhitun hf. okt 1997: Húshitunarkostnaður eftir byggðasvæðum).
2. Framlög til jöfnunar námskostnaðar verði tvöfölduð, þ.e. aukin um 230 m.kr., á næstu þremur árum. (Sbr. skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands).
3. Árlegur afsláttur verði veittur af afborgunum og vöxtum námslána eftir tveggja ára fasta og samfellda búsetu utan höfuðborgarsvæðisins, skv. skilgreiningu LÍN. Verði það gert með þeim hætti að endurgreiðsluhlutfall af tekjutengdri afborgun verði alltaf 1 prósentustigi

lægra en það er að jafnaði á lánum frá Lánasjóði Ísl. námsmanna. Miðað við núgildandi reglur verði þetta endurgreiðsluhlutfall 3,75% í stað 4,75% af útsvarstofni. Afslátturinn verði þó aldrei lægri en 15% af árlegri fastri afborgun námslána.

4. Til þess að auðvelda fólki á landsbyggðinni aðgang að sérfræðilæknisþjónustu, verði með beinum framlögum í gegnum Tryggingarstofnun ríkisins, aukin endurgreiðsla af ferðakostnaði sjúklinga og öðrum tengdum kostnaði.

Átak í vegamálum

5. Tryggt verði sérstök flýtifjármögnun vegna vegagerðar, alls 2 milljarðar á fjórum árum. Framlög vegna fyrsta ársins 1999, alls um 500 m.kr., séu endurgreidd á þriðja tímabili langtímaáætlunar. Framlög vegna þriggja næstu ára séu fjármögnuð með auknum tekjum vegasjóðs, sem varið verði sérstaklega til þessa viðfangsefnis. Framkvæmdir fari fram á svæðum, þar sem íbúapróun er alvarleg og vegagerð er líkleg til þess að hafa áhrif á byggðapróun.

Ljóst er að samgönguvandi einstakra byggðalaga verður ekki leystur án jarðganga. Því þarf að hraða nauðsynlegum rannaóknum á einstökum jarðgangakostum og móta langtímaáætlun um gerð jarðganga, svo unnt sé að taka ákvarðanir um framkvæmdir á þeim sviðum. Flýting framkvæmda í vegamálum mun auka svigrúm síðar til stærri verkefna á sviði jarðgangagerðar.

Fjölgun starfa á landsbyggðinni

6. Mótuð verði stefna um það af hálfu ríkisins, hvornig deilt skuli út verkefnum, ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja þess, sem unnt er að vinna með fjárvinnslusniði úti á landsbyggðinni. Sett verði fram innan árs skýr stefna af hálfu einstakra ráðuneyta um hvornig að þessu verði unnið.
7. Við upphaf hvers kjörtímabils skili ráðuneyti áætlunum um hvornig staðið verði að því að framkvæma samþykktir Alþingis sem fram koma í þingsályktunum um stefnu í byggðamálum um fjölgun starfa á vegum hins opinbera á landsbyggðinni. Forsætisráðherra skili skýrslu um framvindu þeirra mála á tveggja ára fresti.

Aðgerdir vegna sveitarfélaga þar sem fólksfækkun hefur orðið mikil

8. Skilgreind verði þrjú afmörkuð svæði, þar sem fólksfækkun hefur orðið mjög veruleg á síðustu árum. Innan þessara svæða verði gerð tilraun til tveggja ára, þar sem sveitarfélögin fái í sinn hlut hærra hlutfall beinna skatta, án þess þó að það raski heildarskarheimtunni. Þá verði í tengslum við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga, sérstaklega hugað að

7

fyrirkomulagi á greiðslum fasteignagjalda sem í dag leggjast þyngst á verðlitlar fasteignir á landsbyggðinni.

9. Gripið verði til sérstakra aðgerða í sveitarfélögum þar sem fólksfækkun hefur orðið mikil og skuldir sveitarfélaganna pr. íbúa eru umfram skilgreint mark. Háfin verði vinna undir forystu félagsmálaráðuneytisins, með þátttöku fulltrúa Sambands isl. sveitarfélaga og fjármálaráðuneytis að móttun almennra reglna og nánari útfærslu. Markmiðið sé að skuldir sveitarfélaganna lækki, svo þeim verði betur kleift að takast á við lögbundin verkefni.
10. Nauðsynlegt er að bragðast við aðstæðum í sveitarfélögum þar sem skuldabyrði vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis er mest. Að því þarf að vinna þannig að varasjóði íbúðalánasjóðs verði gert að axla stærra hlutfall afskrifta vegna félagslegra íbúða, þar sem vandinn er hlutfallslega alvarlegasur. Sbr. ákvæði til bráðabirgða VIII, í Lögum um húsnæðismál nr. 44 frá 3. júní 1998, en þar segir að stjórn varasjóðsins skuli nota sölubagnað af innleystum íbúðum og framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum, til þess að greiða niður áhvílandi framreiknuð eldri veðlán Byggingarsjóðs verkamanna. Hámark niðurgreiðslu má nema mismun á uppgreiddu láni og 90% af markaðsverði þeirrar íbúðar sem um er að ræða, þó aldrei fyrir en íbúð er orðin eign sveitarfélags og að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag.
11. Stjórnvöld beiti sér fyrir því að íbúar landsbyggðarinnar búi við þær aðstæður að geta átt eðlileg tölvusamskipti um fjarskiptanetið, svo sem vegna fjarnáms og fjarvinnslu. Einnig verði gjaldskrá fyrir þjónustu fjarskiptanetsins vegna tölvusamskipta samræmd á landinu öllu.



Alþingi
Erindi nr. P 127/2002,
komudagur 18.4.2002

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Iðnaðarnefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. apríl 2002

Sam 144/2002 PS/sp
Tilv.: 215,1/114

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 538. mál

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. apríl, var lagt fram bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 6. mars 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 538. mál.

Stjórnin vísar til meðfylgjandi stefnumörkunar sambandsins í byggðamálum sem samþykkt var á 62. fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var í Hveragerði 23 mars sl. Jafnframt leggur stjórnin áherslu á að stefnu ríkisvaldsins í byggðamálum verði fylgt eftir með markvissri aðgerðaáætlun.


Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga í byggðamálum

Alþingi
Erindi nr. P 127, 2002
komudagur 18.4.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVIK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 15. apríl 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 11. apríl s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 6. mars 2002 þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002 – 2005, 538. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“ Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.



Samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Keflavík 18. mars 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 12. liðar og kostnaðarmat stjórnar Kvasis af því tilefni.

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, fagnar tillögu í til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 12. liðar um „Efling náms með fjarskipta og upplýsingatækni“, þar sem lagt er til að „*starfsemi símenntunarmiðstöðva verði efla með auknum fjárveitingum, að meira verði fjárfest í fjarfundabúnaði og að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi og að stofnað verði til „rafrænna“ nemendahópa við kennslu á grunn- og framhaldskólastigi. Einnig að fólki hvar sem er á landinu, verði gert kleift að stunda háskólanám í fjarnámi.*“

Kvasir leggur áherslu á að starfsemi allra símenntunarmiðstöðva verði efla með auknum fjárveitingum, að meira verði fjárfest í fjarfundabúnaði, að starfsnám verði gert aðgengilegt með fjarnámi með því markmiði að styrkja byggð á landsbyggðinni með bættu aðgengi að menntun m.a. á framhalds- og háskólastigi.

Í tillögum Kvasis til verkefnastjórnar iðnaðar- og viðskiptaráðherra til að stýra undirbúningi að gerð byggðaáætlunar 2002-2005 dags. 24. nóvember s.l. segir m.a.:

- Miðstöðvarnar gegni hlutverki háskóla með aðstöðu til hópnáms fjarnema og annarrar þjónustu sem fjarnemum er nauðsynleg.
- Kvasir leggur til að Byggðastofnun og Menntamálaráðuneytið hafi forgöngu um að tryggja rekstargrundvöll "Samskiptaseturs" á IP-tengdu gagnaflutninganeti sem raunhæfan valkost fyrir fjarnám á framhalds- og háskólastigi í byggðum landsins.
- Tryggja þarf rekstraröryggi fjarnámsumhverfis með nægjanlegum fjárveitingum sem duga til reglulegrar endurnýjunar á fjarkennslubúnaði.

Kostnaður:

Í tillögu til þingsáætlunar er kostnaður 12. liðar talinn óviss. Stjórn Kvasis hefur þess vegna lagt mat á kostnað fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna til fjögurra ára vegna byggðaáætlunar 2002-2005, þar sem rekstarkostnaður símenntunarmiðstöðvanna er áætlaður um 105 milljónir pr. ár fyrir allar miðstöðvarnar átta.

Aðstaða á heimaslóð vegna háskólamenntunar og „rafrænna“ nemendahópa

Það er hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna að efla samvinnu við menntastofnanir og aðra þá aðila sem bjóða háskólanám, fullorðinsfræðslu og símenntun í landinu með það að markmiði að auka aðgengi almennings að menntun og þekkingu á heimaslóð. Til að efla stoðþjónustu við fjarnema á háskólastigi þarf eftirfarandi aðstaða að vera fyrir hendi á heimaslóð:

- Aðgangur að tölvum
- Aðstaða til hópvinna „rafrænna“ nemendahópa
- Aðgangur að fjarfundabúnaði
- Aðgangur að náms- og starfsráðgjöf
- Aðgangur að bókasafnsþjónustu
- Aðstaða til próftöku

Þessi aðstaða er að hluta til fyrir hendi en viðbótar stofnkostnaður er áætlaður alls um kr. 30 milljónir.


Hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðva vegna fullorðinsfræðslu

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki við að gefa ófaglærðum tækifæri til náms. Víða um land hafa allt að 65% ófaglærðra einungis grunnskólamenntun, en það er m.a. markhópur fræðslumiðstöðvanna sem nýtt gæti fjarskipta- og upplýsingatækni símenntunarmiðstöðvanna.

Aðferðafræði fjarkennslu/þekking til að vinna í fjarkennsluumhverfi

Aðferðafræði fjarkennslu þar sem tvinnuð er saman námi á internetinu og um fjarfundabúnað hefur gefist vel, einkum þar sem nemendur geta stundað hópvinna og haft aðgengi að skólaumhverfi, s.s. tölvuveri og bókasafnsþjónustu. Mikilvægt er að háskólar komi námsefni sínu í umhverfi þar sem staðsetning nemenda skiptir ekki höfuðmáli. Þannig geta nemendur stundað nám sitt á eigin forsendum óháð búsetu og háskólaakennarar kenna jöfnum höndum staðbundið og í fjarmenntun. Námskeiðskostnaður vegna aðferðafræði fjarkennslu og nýjunga er áætlaður kr. 8.000.000 á fjórum árum eða kr. 2.000.000 á ári. Kvasir vill annast fræðslustarfið í samvinnu við háskólana og menntamálaráðuneytið.

F.h. stjórnar Kvasis



Skúli Thoroddsen, formaður



Selfossi, 22. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1438
komudagur 22.3.2002


Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 20. mars sl., var tekið fyrir bréf frá Alþingi, dags. 6. mars 2002, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002 – 2005, 538. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

Stjórn SASS tekur undir þau meginmarkmið sem fram koma í tillögunni, en telur of skammt gengið í beinum aðgerðum í byggðamálum. Stjórnin telur að löngu sé kominn tími til að bregðast við þeirri öfugþróun sem átt hefur sér stað í byggðamálum á undanförunum áratugum og að því sé þörf á aðgerðum strax. Þar má t.d. nefna jöfnun orkuverðs, umbætur í samgöngumálum og fjarskipta- og upplýsingamálum. Varðandi einstök atriði sem fram koma í áætluninni þá telur stjórn SASS að þörf sé að efla starfsemi símenntunarmiðstöðva á jafnréttisgrundvelli hvar sem er á landinu þar sem enginn sérstakur munur er á aðstöðu nemendanna sem sækja þar nám. Að lokum leggur stjórn SASS höfuðáherslu á að ef árangur á að nást í byggðamálum verða allar aðgerðir stjórnvalda að vera samræmdar, ekki aðeins hvað varðar efni þessara tillagna, heldur einnig í atvinnumálum s.s. í sjávarútvegi og landbúnaði.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/1335
komudagur 19. 3. 2002

SSNV • Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Kt: 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. Netfang ssnv@simnet.is

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Hvammstanga 18. marsm 2002

Umsögn um „Tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 –2005”.

Stjórn SSNV hefur fjallað um nýja „Tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 –2005” og lýsir ánægju sinni með þá aðgerðaáætlun sem þar er fram sett og væntir mikils af því að henni verði fylgt eftir. Einnig tekur stjórnin sérstaklega undir mikilvægi þess stefnumarkandi áherslusviðs að efla sveitarfélögin og sveitarstjórnarstigið.

Hinsvegar þykir stjórn SSNV þau áform sem sett eru fram um jöfnun búsetuskilyrða heldur fátækleg og telur að nú sé þörf aðgerða en ekki frekari athugana. Rannsóknir eru nauðsynlegar en óþarfar sem fyrsta aðgerð þar sem vandinn blasir við. Bendir stjórn SSNV í því sambandi á „Ályktun um aðgerðir í skattamálum til jöfnunar lífskjara “ sem fyrst var samþykkt af stjórn SSNV 8. nóvember 2000 og hefur síðan víða verið kynnt. Ályktunin er meðfylgjandi.

Stjórn SSNV átti fund með iðnaðar- og viðskiptaráðherra þann 3. desember sl. Þar voru framangreindar tillögur kynntar ásamt því að svohjóðandi tillaga var lögð fram, í framhaldi af tillögum byggðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Stjórn SSNV leggur til að nú þegar verði skipuð nefnd til að að gera tillögur um hvernig skuli beita sköttum til að hafa áhrif á byggðapróun. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar ríkis og sveitarfélaga”.

Sú eina af skattatillögum SSNV sem nær inn í aðgerðaáætlun byggðaáætlunarinnar er sú um endurgreiðslu námslána, sem er að vísu góðra gjalda vert en dugir skammt ein og sér.

Annað atriði sem SSNV hefur barist fyrir og kemst inn í aðgerðaáætlun byggðaáætlunarinnar er „Jöfnun verðs á gagnaflutningum” og er það vel.

Stjórn SSNV telur áform um að styðja sérstaklega við byggðapróun á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu jákvæða, svo framarlega sem það verði ekki á kostnað annarra svæða á landsbyggðinni.

Stjórnin undrast það vonleysi sem endurspeglast í kaflanum um „Ástand og horfur í þróun byggðar í landinu”. Er greinilegt að höfundar vænta ekki mikils árangurs af tillögum sínum, hvort sem það stafar af lítilli trú á gagnssemi tillagnanna eða því að ekki sé reiknað með að þær nái fram að ganga.

Virðingarfyllt

Bjarni Þór Einarsson,
framkvæmdastjóri SSNV.

SSNV. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Kt: 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. Netfang ssnv@simnet.is

ÁLYKTUN UM AÐGERÐIR Í SKATTAMÁLUM TIL JÖFNUNAR LÍFSKJARA.

Stjórn SSNV ítrekar ályktun 8. ársþings SSNV um byggðamál og skorar á Alþingi og ríkisstjórn að beita aðgerðum í skattamálum til jöfnunar lífskjara þannig að búseta á landsbyggðinni verði eftirsóknarverð og atvinnustarfsemi njóti þar jafnræðis. Til að ná fram þessum markmiðum bendir stjórnin á eftirfarandi leiðir.

- Fella niður flugmiðaskatt.
- Lægra afborgunarhlutfall námslána (15% í 5 ár).
- Útgjöld vegna ferðalaga milli heimilis og vinnustaðar frádráttarbær frá skatti.
- Stuðningur ef nám krefst breyttrar búsetu nemenda.
- Þungaskattur af ökutækjum utan 100 km. rádus frá Lækjartorgi lækki um 75%.
- Atvinnustarfsemi utan 100 km. rádus frá Lækjartorgi undanþegin almennu tryggingagjaldi, nú 3,99%.
- Landbúnaður undanþegin atvinnuþryggingagjaldi, nú 1,15%.

Stjórn SSNV telur framangreindar aðgerðir nauðsynlega viðbót við önnur áform í byggðamálum og telur að von sé um árangur verði þeim öllum framfylkt.

Greinargerð:

1. Flugmiðaskatturinn á innanlandsflug er hreinn landsbyggðarskattur og því sjálfsagt að fella hann niður.
2. Mikill skortur er á háskólamenntuðu fólki á landsbyggðinni. Lægra endurgreiðsluhlutfall námslána þeirra sem velja sér búsetu utan þéttbýlisins á suðvesturhorni landsins mundi stuðla að fjölgun háskólamenntaðs fólks á landsbyggðinni. Vel mætti miða við 100 km. rádus frá Lækjartorgi.
3. Með samdrætti í frumvinnslugreinum og bættum samgöngum þá eykst atvinnusókn fólks um langan veg. Af þessum sökum er ferðakostnaður við það að sækja atvinnu oft svo mikill að þau laun sem í boði eru skerðast verulega. Af þessu leiðir búseturöskun með öllu því óhagræði sem henni fylgir. Mikil bót væri af því að útgjöld vegna ferðalaga milli heimilis og vinnustaðar væru frádráttarbær frá skatti. Lagt er til að þessi regla verði óháð búsetu.
4. Mikil hækkun á dvalarstyrk til jöfnunar námskostnaðar hefur orðið á undanfönum árum og ný reglugerð nr. 746/2000 gerir úthlutunarreglur skýrari en verið hefur. Þó vantar nokkuð á að kostnaðarauki vegna búsetu fjarri heimili sé bættur að fullu og er það óviðunandi. Það er staðreynd að stúdentar af landsbyggðinni eru líklegri til að setjast að í dreifbýli að loknu háskólanámi en aðrir námsmenn. Af þessum sökum ásamt almennri lífskjarajöfnun er lagt til að dvalarstyrkir verði greiddir til nemenda á háskólastigi og dvalarstyrkurinn komi til skerðingar á námsláni eins og aðrar tekjur.
5. Þungaskattur af vöruflutningum til og frá landsbyggðinni er hreinn landsbyggðarskattur. Með því að lækka þungaskatt um 75% utan 100 km rádus frá Lækjartorgi mundi vinnast tvennt: Í fyrsta lagi að flutningafyrirtæki mundu flytja starfsemi sína af höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar. Í öðru lagi það að kostnaður við vöruflutninga á landi mundi lækka verulega.

SSNV • Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Kt: 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. Netfang ssnv@simnet.is

6. Til að styrkja stoðir atvinnulífsins á landsbyggðinni er lagt til að atvinnustarfsemi utan 100 km. radius frá Lækjartorgi verði undanþegin almenna tryggingargjaldinu, sem er nú 3,99%. Þetta mun einnig stuðla að flutningi atvinnustarfsemi af höfuðborgarsvæðinu út á land og stuðla þar með að jafnvægi og snúa fólksflóttanum við.
7. Loks er lagt til að landbúnaður verði undanþegin atvinnuþryggingagjaldi sem innheimt er með tryggingargjaldi og er nú 1,15%. Þetta er réttlætismál þar sem bændur njóta ekki réttinda úr Atvinnuleysistryggingarsjóði. Mikið og vaxandi dulið atvinnuleysi er til staðar í sveitum landsins. Bændur greiða tryggingagjald sem að hluta rennur til atvinnuleysistryggingasjóðs, en hingað til hefur verið um mjög takmarkaðan rétt að ræða, á grundvelli þess að bændur eru sjálfstæðir atvinnurekendur. Réttur hefur reyndar myndast ef bændur leggja inn VSK skráningarnótt og hætta starfsemi. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga var stofnaður með lögum nr. 46/1997, reglugerð gerir ráð fyrir ákveðnum takmörkunum, þó réttur hafi að hluta myndast vegna maka. Því er það sanngirnismál að atvinnuþryggingagjald bændu verði felld niður eða að öðrum kosti þeim verði skapaður réttur til töku atvinnuleysinsbóta.

Borgarnesi, 20. mars 2002.

Nefndasvið Alþingis.
150 Reykjavík

Ályktun Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um byggðaáætlun


Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi lýsa í meginatriðum yfir ánægju með áherslur í byggðaáætlun þeirri sem til afgreiðslu er á alþingi. Mikilvægt er þó og að vekja athygli á því að áhrif höfuðborgarsvæðisins á Vesturland er ofmetið í byggðaáætlun, stór svæði á Vesturlandi er dreifbýli sem nýtur ekki nálægðar höfuðborgarsvæðisins, heldur er hægt að fullyrða að mörg svæði sitji í fjötrum erfiðs og úrelts skattaumhverfis, sem beinlínis kemur í veg fyrir nútímavæðingu og aðlögum breyttra aðstæðna. Í þessu sambandi má nefna að skattalöggjöf gerir ekki ráð fyrir að fólk geti ekið til vinnu langar vegalengdir og dregið þann kostnað frá skattskyldum tekjum.

Erfitt er að sjá að áhrifa höfuðborgarsvæðisins gæti á norðanverðu Snæfellsnesi og Dölum með þeim hætti sem gengið er út frá í tillögu að byggðaáætlun. Stjórn Samtaka Sveitarfélaga á Vesturlandi vill leggja á það áherslu að tillit verði tekið til þessa svæða svo og annarra dreifbýlissvæða á Vesturlandi öllu í þeirri byggðaáætlun sem samþykkt verður og svæðið lendi ekki á nokkurn hátt utan þeirra aðgerða sem boðaðar eru í byggðamállum á komandi árum, en hægt er að taka nýleg fjölmörg dæmi þar sem t.d. fjármálafyrirtæki skilgreina t.d. Borgarnes sem "afskekkt" landsbyggðarsvæði.

Í Borgarfirði hefur farið fram athyglisverð og afar mikilvæg uppbygging á háskólaumhverfi sem ekki á sér hliðstæður hér á landi. Nauðsynlegt er að sú uppbygging haldi áfram af enn meiri krafti en áður, vegna þess að þegar hefur sýnt sig að þessi uppbygging nýtist ekki eingöngu Vesturlandi heldur landsbyggðinni og landinu öllu.

Með von um að tekið verði tillit til ályktunar SSV við umfjöllun byggðaályktunar.

Virðingarfyllt


Hrefna B. Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 127/1415
komudagur 22. 3. 2002



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Iðnaðarnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 18. mars 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum vegna árána 2002-2005.

Tillagan hefur að geyma, verði hún samþykkt á Alþingi, stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum vegna árána 2002 -2005. Þar er að finna fimm áhersluatriði sem öll eiga að stuðla að jöfnun byggðar landsins í næstu framtíð.

Í athugasemdum með tillögunni kemur fram hvernig staðið skuli að þessum málum í næstu framtíð. Þar er sett fram aðgerðaáætlun ásamt áætluðum kostnaði við hvern einstakan þátt ásamt því að tilgreint er hver eða hverjir beri ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Í heild sinni er þessi tillaga ágætlega unnin hún tekur á flestum þeim málum sem varða búsetu manna vítt og breytt um landið. Aftur á móti á eftir að koma í ljós hvort hugur fylgir máli þegar að því kemur að hrinda einstökum þáttum hennar í framkvæmd.


Þá reynir á hvort hið opinbera er tilbúið að setja þá fjármuni í þennan málaflokk sem duga til þess að koma áherslunum fimm til framkvæmda en það mun tíminn einn leiða í ljós.

Virðingarfyllt,
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!

Alþingi
Erindi nr. P 127/1446
komudagur 22.3.2002



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

22. mars 2002

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni iðnaðarnefndar Alþingis dagsett 6. mars 2002, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 538. mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn.

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,
forstjóri

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 538. mál.

Iðnaðarnefnd hefur sent Þjóðhagsstofnun til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005, 538. mál. Tillagan er ályktun um meginmarkmið í fimm liðum. Tillögunni fylgja athugasemdir þar sem gerð er grein fyrir fimm meginstoðum sem aðgerðum stjórnvalda er ætlað að byggja á. Þá er gerð grein fyrir tólf stefnumarkandi áherslusviðum og tillögum um 22 mismunandi aðgerðir sem ekki eru þó hluti af áætluninni. Virðist því sú tillaga að stefnumótandi áætlun sem hér er til umfjöllunar ekki uppfylla lagaskilyrði sem tilgreind eru í 7. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999. Í tillögunni eins og hún er lögð fram er gert ráð fyrir því að Alþingi feli ríkisstjórninni að framkvæma stefnumótandi áætlun um byggðamál fyrir árin 2002-2005 án þess að þingið hafi tök á að gera nokkrar breytingar þar á nema með því að taka efni úr athugasemdashlutanum og færa inn í tillöguna sjálfa.

Umsögn Þjóðhagsstofnunar fjallar því að mestu leyti um tillögu þá sem Alþingi er hér að fjalla um en þó mun í örfáum atriðum verða vikið að þeirri röksemdafærslu sem fylgir í athugasemdum.

Í staflið a. er lagt til að stefnt verði að því “að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði”. Í athugasemdum sem fylgja þingsályktunartillögunni er ekki að finna umfjöllun eða rökstuðning fyrir því í hverju lífskjaramunur er fólgin þegar undan eru skildar upplýsingar um tekjur. Telur stofnunin það ekki vera fullnægjandi rökstuðningur. Þjóðhagsstofnun hefur birt tölur um tekjur fólks eftir búsetu í allnokkur ár. Í síðustu umfjöllun stofnunarinnar (Frétt nr. 12/2001) er fjallað um tekjur og eignir árið 2000. Þar kemur fram að mismunur atvinnutekna á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni hefur farið stöðugt vaxandi frá 1997. Vakin er sérstök athygli á því að tekjur íbúa á Vestfjörðum hafa hækkað minna en í öðrum landshlutum á undanförunum árum. Meðalátvinnutekjur 25-64 ára framteljenda á Vestfjörðum voru þannig 11% yfir landsmeðaltali árið 1995 en voru árið 2000 komnar 8% undir það. Í umfjöllun stofnunarinnar um tekjur er einnig gerð grein fyrir því að tekjuháir annars vegar og tekjulágir hins vegar dreifast mjög ójafnt um landið. Tekjustig segir hins vegar ekki alla sögu um lífskjör. Þar kemur mismunandi atvinnusamsetning við sögu en einnig mismunur á verðlagi. Þannig er hugsanlegt að þrátt fyrir mismun í meðaltekjum milli svæða sé fólk í sambærilegum störfum með sömu tekjur.

Svæðisbundinn mismunur á verðlagi á neysluvörum hefur almennt farið minnkandi á undanförunum árum og lífskjaramunur af þeim völdum hefur því farið minnkandi. Þó er neysluvöruverðlag á landsbyggðinni almennt nokkuð hærra en á höfuðborgarsvæðinu og sums staðar verulega hærra þar sem ekki eru stórmarkaðskeðjur. Húsnæði er almennt umtalsvert ódýrara á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu sem skiptir miklu um lífskjör, enda vegur húsnæðiskostnaður meira en tíunda hluta af framfærslu. Sums staðar er húshitunarkostnaður hærri á landsbyggð en á höfuðborgarsvæði en annars staðar er húshitunarkostnaður álíka eða jafnvel ódýrari á landsbyggðinni. Rafmagn er hins vegar almennt dýrara á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hér hafa einungis verið talin nokkur atriði í efnahagslegum lífskjörum sem eru mismunandi eftir landsvæðum en þá eru ótalin þau atriði sem ekki eru venjulega mæld á efnahagslegan mælikvarða en sem margir telja skipta miklu máli í mati á lífskjörum. Þar hallast væntanlega á þannig að sumir þættir eru almennt taldir betri á höfuðborgarsvæðinu en aðrir á landsbyggðinni. Búferlaf lutningar undanfarinna ára eru

þó vísbinding um að fólk hafi metið lífskjör á höfuðborgarsvæðinu betri en á landsbyggðinni. Í tillögum um aðgerðir í athugasemdum með þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir því að ráðist verði í athugun á búsetuskilyrðum fólks. Þjóðhagsstofnun telur skynsamlegt að slík athugun fari fram enda beinist hún að mati á búsetuskilyrðum með víðtækri skilgreiningu.

Í staflið b. er lagt til að markmið áætlunarinnar sé “að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum”. Þjóðhagsstofnun gerir engar athugasemdir við þetta markmið.

Í staflið c. er enn fjallað um búsetuskilyrði og lagt til að það markmið verði sett að “efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.” Þjóðhagsstofnun telur að þetta markmið eigi fullan rétt á sér enda þótt reynsla undanfarinna ára sýni að Akureyri og nágrenni, sem er fjölmennasta byggð utan höfuðborgarsvæðisins, hafa ekki vaxið meira en raun ber vitni. Þannig var fjölgun íbúa á Akureyri 8,3% á undanförunum 10 árum sem er minna en mannfjölgun á Suðurnesjum og á stærri þéttbýlisstöðunum í vestanverðri Árnassýslu. Síðastnefndu staðirnir njóta þó sennilega nálægðarinnar við höfuðborgina. Reynsla undanfarinna ára sýnir því að þrátt fyrir það að á stærstu stöðunum séu bestu möguleikarnir til fjölbreyttrar uppbyggingar er aðdráttaraflíð ekki endilega meira. Í upptalningu á áherslusviðum hinnar stefnumótandi áætlunar fjallar tölulíður 9 um að 40-50 þúsund manna byggðakjarni við Eyjafjörð mundi bæta umtalsvert búsetuskilyrði í nærliggjandi héruðum. Í tillögukafla athugasemdana er gerð tillaga um byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð þar sem stefnt verði að því að fólki fjölgi þar um 2-3% á ári. Slíkur vöxtur væri töluverð breyting miðað við þróun undanfarinna ára en þrátt fyrir það næðist markmiðið um 40 þúsund manna byggðakjarna ekki fyrr en á miðri þessari öld. Almennt telur Þjóðhagsstofnun að gerð byggðaáætlana fyrir einstök hérnð sé ágæt leið fyrir þau til að gera úttekt á stöðu sinni og möguleikum.

Í staflið d. er gerð tillaga um markmið sem snúa að menningarmálum. Þjóðhagsstofnun telur menningarmál mjög mikilvægan þátt efnahagslífsins og gerir engar athugasemdir við þetta markmið.

Í staflið e. er það gert að markmiði að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða, auk þess sem þar er lögð áhersla á sjálfbærni í nýtingu auðlinda. Undir þetta getur Þjóðhagsstofnun tekið en bendir enn á að röksemdafærslu vantar í athugasemdahlutann fyrir því í hverju mismunur í starfsskilyrðum er fólgin.

Almennt telur Þjóðhagsstofnun að ekki eigi að grípa til sértækra aðgerða nema í undantekningartilvikum þegar brýna nauðsyn ber til og ljóst að aðgerðir eru vænlegar til árangurs. Sumar af þeim tillögum um aðgerðir sem er að finna í athugasemdum með tillögunni uppfylla ekki þessi skilyrði. Stofnunin telur að í athugasemdum með þessari tillögu sé að finna sannfærandi rök fyrir aðgerðum stjórnvalda í þessum málaflokki en saknar þess að ekki sé gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar á ítarlegri hátt og með meiri tölulegum upplýsingum eins og gert var þegar tvær fyrri stefnumótandi byggðaáætlanir voru lagðar fram. Stofnunin tekur almennt undir þá greiningu á ástandi og horfum sem þarna er að finna. Þó saknar stofnunin þess að ekki er gerð grein fyrir því hversu mjög hefur dregið úr búferlaf lutningum milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar á síðustu árum, og það einnig á þeim landsvæðum þar sem fækkun hefur verið mest. Áður hefur verið bent á það að Þjóðhagsstofnun finnst vanta ítarlegri umfjöllun um mismun í skilyrðum fólks og fyrirtækja eftir landsvæðum sem þó mynda rauðan þráð í markmiðssetningu tillögunnar. Sú nálgun á stefnumótun á fullkomlega rétt á sér en stofnunin telur að ef jöfnun skilyrða er höfð að leiðarljósi beri ríkisvaldinu að vera hlutlaust varðandi raunverulega íbúaþróun á hverjum stað. Þarna verða stjórnvöld að velja á milli því hægt er að hugsa sér stefnumótun þar sem leitast er við að stuðla að ákveðinni byggðaþróun og grípa þá til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru taldar til að ná henni fram. Sú leið sem hér hefur verið valin, að mestu en þó ekki öllu leyti, leggur þá skyldu á hendur stjórnvöldum að jafna eftir því sem kostur skilyrði fólks til búsetu sem víðast um landið. Það er þó ekki hægt að gera án tillits til kostnaðar og

jafnræðissjónarmiða Ef slíkri stefnu er fylgt getur fólk sjálft tekið ákvörðun um það hvar það vill búa. Segja má að byggðastefna ESB sé í þessum anda enda hefur hún ekki ákveðna búsetuþróun að markmiði.

22. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar umsögn vinnuhóps sjö atvinnuþróunarfélaga um tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum

Á vegum eftirfarandi atvinnuþróunarfélaga var myndaður vinnuhópur sem unnið hefur þær athugasemdir sem hér birtast við tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum. Félögin eru: Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Iðnþróunarfélag Norðurlands vestra, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Þróunarstofa Austurlands, Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og Atvinnuráðgjöf Vesturlands. Í vinnuhópnum sátu: Dagný Sveinbjörnsdóttir, Sigurður Sigurðarson, Benedikt Guðmundsson, Tryggvi Finnsson, Óðinn Gunnar Óðinsson, Sigurður Bjarnason og Hrefna Bryndís Jónsdóttir.

Núverandi staða landsbyggðarinnar markast af eftirfarandi meginþáttum:

- a. Fólksfækkun
- b. Óhagstæð þróun í atvinnumálum
- c. Fámenn sveitarfélög
- d. Ófullnægjandi samgöngumál
- e. Menntunarskortur

Árangur byggist fyrst og fremst á því að taka fljótt á ofangreindum vanda. Forsendur lífvænlegrar byggðar á landinu er arðbært atvinnulíf. Það getur hins vegar ekki þrífist ef starfsskilyrðin eru því í óhag vegna staðsetningar. Atvinnulífið getur heldur ekki þróast án þróttmikilla þéttbýliskjarna og þar skiptir stærð sveitarfélaga miklu, ásamt góðar samgöngur. Arðbært atvinnulíf þarfnast menntaðs starfsfólks sem helst fæst ef búsetuskilyrði eru sambærileg við það sem best býðst.

Tillaga iðnaðarráðherra til þingsályktunar í byggðamálum er mikilvægt vitni um skilning stjórnvalda á stöðu landsbyggðarinnar. Þrátt fyrir nokkra galla ber að skoða hana sem stjórnmalalega stefnumörkun og skýra viðurkenningu stjórnvalda á þeim vanda sem við er að etja.

Tillagan felur í sér nýstárlega nálgun að byggðamálum. Kjarni hennar eru tuttugu og tvær aðgerðir sem ætlað er að ná fram markmiðum áætlunarinnar. Helsti annmarki áætlunarinnar er hins vegar sá að aðgerðirnar leysa ekki úr brýnasta vanda landsbyggðarinnar nema að takmörkuðuleyti og þá líklega á mjög löngum tíma, lengri en sem nemur gildistímanum, 2002 til 2005. Í sumum tilvikum er það eðlilegt þar sem fram þurfa að fara ýmsar rannsóknir áður en nákvæm útfærsla er lögð fram.

Í tillögu iðnaðarráðherra kemur ekki nógu vel fram hvernig hægt er að virkja atvinnulífið til aðgerða í byggðamálum, fá fyrirtæki til að flytja út á land eða auka fjárfestingar á landsbyggðinni. Þó er ljóst að atvinnumál skipta mestu um þróun byggðar.

Atvinnuþróunarfélögin leggja áherslu á að stjórnvöld virki markaðinn til aðgerða með sértækum aðgerðum í skattamálum fyrirtækja. Auk þess verði lögð mikil áhersla á markaðssetningu landsins erlendis á þann máta sem aðrar þjóðir gera, í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin.

Gildistími byggðaáætlunar er of skammur miðað við þau mörgu markmið sem sett eru fram. Stjórnvöld hafa sett fram áætlanir eins og samgönguáætlun til 12 ára. Byggðaáætlun ætti einnig að ná til sama tíma. Þannig næst betur fram stefnumörkun stjórnvalda. Aðgerðir með nánari útfærslu mætti síðan tímasetja innan slíks ramma.

Athugasemdir við áherslusvið

Í þennan kafla vantar hvatningu til einstaklinga og fyrirtækja til að láta til sín taka á landsbyggðinni. Án hvatningar sem hreyfir við markaðnum mun minna gerast. Aðstöðujöfnun og jafnvel eitthvert form skattaafsláttar fyrirtækja sem staðsett eru á landsbyggðinni er líkleg til að hreyfa við markaðnum og efla verðmætasköpun þar. Ekki er ljóst hvaða gildi áherslusviðin hafa í byggðaáætluninni. Margt mikilvægt kemur fram í þessum kafla sem ekki er gerð tillaga um í aðgerðarkafnum. Skýra mætti betur gildi áherslusviðanna og hvernig nánar verður unnið með þau. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við þau:

1. Nýting sóknarfæra í atvinnulífi:

- a. Ferðamál: Uppbygging í ferðabjónustu er tímafrek og dýr enda fæstir utan höfuðborgarsvæðisins sem hafa atvinnu af henni allt árið. Brýnt er að atvinnugreinin hafi aðgang að hagstæðu “þolinmóðu” fjármagni. Nauðsynlegt er að sveitarfélög hugi að stefnumörkun í ferðabjónustu.
- b. Hvatt er til þess að málefni fiskeldis verði sett undir eitt ráðuneyti.
- c. Líftækni tengist aðgerð um aukið verðmæti sjávarfangs og á tvímælalaust heima á landsbyggðinni. Stórauka þarf framlög til fyrirtækja og stofnanna sem sinna þessum málum á landsbyggðinni.
- d. Flest söfn þurfa að endurskoða starfsemi sína, tæknivæðast og markaðsvæðast í því skyni að gera sýningar lifandi og stórauka þar með aðsókn.
- e. Nýjar búgreinar eru mjög háðar þekkingu og menntun. Auðvelda þarf mönnum að taka upp nýjar búgreinar eða ný störf með því að auka fræðslu og menntun.
- f. Verðmætasköpun skiptir þjóðina meira máli en opinber störf. Hins vegar er sjálfssagt að útbúinn verði einhvers konar hvati í rekstri ríkisstofnana til að búa til ný störf á landsbyggðinni í stað þeirra sem losna á suðvesturhorninu. Leggja þarf meiri áherslu á útboð verkefna sem til falla hjá stofnunum ríkisins.
- g. Sjávarútvegur er ein af höfuðatvinnugreinum landsbyggðarinnar. Mikilvægt er að eflar séu rannsóknir og þróun í vinnslu sjávarafurða. Aukin verðmæti vinnslunnar munu styrkja þessa meginatvinnugrein.

2. **Markvisst þróunarstarf í öllum landshlutum** skiptir miklu máli og því er þessi þáttur mikilvægur. Áhersla er lögð tryggan fjárhagsgrundvöll og sjálfstæði þeirra stofnana sem sinna þróunarstarfi og rannsóknastarfi á landsbyggðinni.

3. **Skilvirkt stuðningskerfi atvinnulífs:** Hvatt er eindregið til þess að opinberir sjóðir sem veita lán eða fjárhagslegan stuðning til uppbyggingar atvinnulífs verði sameinaðir, með þeim rökum sem tillagan hvetur til samvinnu þeirra, og endurskipulagðir m.a. með þeim hætti að forræði á úthlutunum dreifist um landið og verði samþætt öðrum stöðaðgerðum á landsbyggðinni. Lögð er áhersla á að atvinnuþróunarfélög og eignarhaldsfélög verði þátttakendur í þessari uppbyggingu.
4. **Stefnumótun innan atvinnugreina með framleiðslustýringu:** Skynsamlegast væri að þessar atvinnugreinar sinntu sinni eigin stefnumótun án afskipta hins opinbera.
5. **Efling sveitarfélaga:** Atvinnuþróunarfélögin leggja áherslu á að löggjafinn stuðli mjög ákveðið að sameiningu sveitarfélaga og hækki verulega lágmarkstölu íbúa í hverju sveitarfélagi. Samhliða verði unnið markvisst að uppbyggingu þeirra með tilfærslu verkefna og fjármagns frá ríkinu.
6. **Búsetuskilyrði:** Eins og fram kemur í tölulið 6 er töluverður munur á búsetuskilyrðum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Í þeirri heildarathugun sem þar er lagt til að gerð verði er nauðsynlegt að fram komi jákvæðir þættir sem fólgnir eru í búsetu utan höfuðborgarsvæðisins og einnig aðgerðir sem hvetji til búsetu úti á landi.
7. **Starfsskilyrði atvinnuveganna:** Tekið er undir þennan mikilvæga lið og hvatt til þess að hér fylgi aðgerðir til jöfnunar. Um leið þarf að hvetja atvinnulífið til aðgerða.
8. **Mikilvægi menningar:** Tekið er undir þýðingu búsetuminja og menningarsögu fyrir ferðaþjónustuna og undirstrikað mikilvægi kröftugs menningarstarfs almennt fyrir þjóðina, sama hvar hún býr. Nefna má að menningartengd ferðaþjónusta er arðbær hafi hún kost á “þolinmöðu” fjármagni til uppbyggingar. Búa þarf menningarstarfsemi á landsbyggðinni sanngjarnar og hvetjandi aðstæður, t.d. með samningum við ríkisvaldið, þar sem ákveðið fjármagn til menningarstarfsemi er tryggt. Vandamálið lýtur einnig að því hvernig eigi að örva markaðinn til að láta menningartengdar atvinnugreinar til sína taka og hagnast á þeim.
9. **Efling Akureyrar sem byggðakjarna fyrir Norður- og Austurland:** Grundvöllur þess að Akureyri standi undir væntingum sem öflugur byggðakjarni fyrir Norðurland eru góðar samgöngur til austurs og vesturs. Slíkt hefði mikil samlegðaráhrif fyrir allar byggðir á Norðurlandi. Lagt er einnig til að á Vestfjörðum og á Mið-Austurlandi verði byggðir upp kjarnar fyrir þessi svæði. Stuðla þarf einnig að uppbyggingu landshlutakjarna á Suður- og Vesturlandi.
10. **Bættar samgöngur:** Samgöngukerfið skiptir landsbyggðina miklu máli. Nefna má að breyttar forsendur gera kröfur til betri og öruggari vega. Þungaflutningar á vegum hafa aukist, bílar eru kraftmeiri en vegakerfið hefur ekki þróast samhliða. Í þennan lið vantar áherslu og tillögur um mikilvægi almenningsgangna á milli landshluta og innan þeirra.
11. **Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni:** Tekið er heilshugar undir þennan áherslulið.
12. **Aukið alþjóðlegt samstarf:** Tekið er undir þennan áherslulið.

Athugasemdir við tillögur um aðgerðir

Brýnt er að verkefnisstjórn aðgerðanna fylgist vel með framvindu mála á gildistíma byggðaáætlunarinnar og hafi möguleika á að grípa inn í verkefni eða leggja til breytingar til að flýta og styrkja aðgerðarferlið. Nauðsynlegt er að skilgreina hvað sé verið að sækjast eftir með einstökum aðgerðum og hvernig hægt sé að mæla árangur hvernar og einnar. Þrátt fyrir byggðastefnur síðustu áratuga er niðurstaðan sú að fólki hefur fækkað á landsbyggðinni. Við þeirri þróun þarf ný byggðaáætlun að bregðast mjög hratt.

Atvinnuþróunarfélögin gera eftirfarandi athugasemdir við einstakar aðgerðir en gera sér samt grein fyrir að nánari útfærsla á þeim hefur enn ekki verið gerð:

- 1. Endurskipulagning atvinnuþróunar á landsbyggðinni – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri:** Frumvarp um Nýsköpunarmiðstöð hefur þegar verið lagt fram. Atvinnuþróunarfélögin telja markmiðssetninguna vera nokkuð óskýra og því erfitt að taka afstöðu til þessara mála. Nefna má að atvinnuþróunarfélögin starfa að fjölmörgu öðru en beinum atvinnumálum s.s. sveitarstjórnarmálum, menntamálum, menningarmálum. Einnig er óljóst hver staða hinnar nýju stofnunar er varðandi Iðntæknistofnun. Þeirri spurningu er líka ósvarað hvort verið sé að flytja samræmingarhlutverkið frá Byggðastofnun. Almennt leggja atvinnuþróunarfélögin áherslu á sjálfstæði sitt og að þau verði ekki “undir” neinni tiltekinni fagstofnun.
- 2. Aukin samvinna opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífs:** Eindregið er hvatt til sameiningar þessara sjóða. Við endurskipulagningu þess starfs verði m.a. miðað við að forræði á úthlutunum dreifist um landið og verði samþætt öðrum stöðaðgerðum á landsbyggðinni.
- 3. Stækkun og efling sveitarfélaga:** Lögð er áhersla á að lágmarksíbúatala sveitarfélaga verði sem fyrst stórlega hækkuð. Efling sveitarstjórnarstigsins muni styrkja stöðu byggðarlaga og búa í haginn fyrir fjölgun íbúa. Samhliða verði unnið markvisst að uppbyggingu þeirra með tilfærslu verkefna og fjármagns frá ríkinu.
- 4. Efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni:** Tekið er undir þessa aðgerð, en sérstaka áhersla á að leggja á uppbyggingu nýrra stofnanna ríkisins á landsbyggðinni. Hér er um langtímaverkefni að ræða. Stofnunum sem reka útibú eða skrifstofur á landsbyggðinni verði gert kleyft að efla slíka starfsemi.
- 5. Athugun á búsetuskilyrðum fólks:** Nauðsynlegt er að í athuguninni komi einnig fram þeir jákvæðu þættir sem fólgnir eru í búsetu utan höfuðborgarsvæðisins. Brýnt er að ekki líði langur tími frá því að athugun verði gerð þar til hafist verður handa um aðgerðir til að styrkja og jafna búsetu á landsbyggðinni.
- 6. Athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna:** Lögð er áhersla á að nota skattalegar aðgerðir til að hvetja markaðinn til að stofna til atvinnurekstrar á landsbyggðinni. Líklegt er að fáar aðrar aðgerðir séu betur til þess fallnar að vekja áhuga markaðarins á landsbyggðinni. Benda má á reynslu Kanadamanna og Bandaríkjamanna af að veita skattaafslátt á völdum svæðum vegna fjárfestingarverkefna, stofnunar nýrra fyrirtækja, þjálfunar og menntunar starfsfólks og vegna rannsókna og þróunarstarfs. Ranglega segir í

tillögunni að mismundandi tryggingargjald eftir svæðum í Noregi sé brot á EES samningnum. Hins vegar hefur jöfnun á flutningskostnaði verið talið brot á samningnum.

7. **Byggðaaætlun fyrir Eyjafjörð:** Til þess að Eyjafjörður geti uppfyllt þau skilyrði sem öflugasti þéttbýlissvæðið utan höfuðborgarsvæðisins þarf að tryggja samgöngur. Gera þarf jarðgöng undir Tröllaskaga og Vaðlaheiði svo hægt sé að tengja verðandi byggðakjarna við næstu byggðalög. Slíkt hefði mikil samlegðaráhrif fyrir allar byggðir á Norðurlandi. Atvinnuþróunarfélögin leggja jafnframt áherslu á að á Vestfjörðum og á Mið-Austurlandi verði byggðir upp kraftmiklir kjarnar fyrir sína landsfjórðunga. Stuðla þarf einnig að uppbyggingu landshlutakjarna á Suður- og Vesturlandi.
8. **Efling landbúnaðarskóla sem fræðslu og þróunarsetra:** Tekið er undir þessa aðgerð einkum vegna þess að rannsóknar- og þróunarstarf hefur hlutfallslega verið minna hér á landi en víða annars staðar.
9. **Efling fiskeldis:** Langan tíma tekur að byggja upp þessa atvinnugrein en hún skiptir miklu máli fyrir landsbyggðina þar sem hún getur verið mjög ábatasöm. Stuðla þarf að aukinni rannsóknarstarfsemi og þróunarstarfi á þessu sviði og efla þá starfsemi heima í héraði.
10. **Fjarskiptamál í dreifbýli:** Skoða þarf betur aðrar tæknilegar lausnir en eingöngu ljósleiðarasamband, sem eru einfaldari og ódýrari en þessi, s.s. örbylgjusamband. Aðgerðir eykur möguleika til náms og starfa á landsbyggðinni.
11. **Jöfnun verðs á gagnaflutningi:** Hér er um að ræða réttlætismál sem snertir rétt hvers einstaklings og möguleika hans til atvinnu, atvinnusköpunar, náms eða menningar. Aðgerðin eykur möguleika til náms og starfa á landsbyggðinni.
12. **Efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni:** Hér er um að ræða góða tillögu en auk þeirra atriða sem nefnd eru til eflingar náms með þessu hætti er mikilvægt að leggja áherslu á sameiginlega aðstöðu þeirra nemenda sem stunda nám á hverju svæði. Slíkt eykur námsafköst og gerir námið viðfelldara. Lagt er til að aðgerðum á þessu sviði verði hraðað sem kostur er.
13. **Efling fjarvinnu hjá hinu opinbera:** Tekið er undir þessa tillögu. Með tilliti til fyrri fyrirætlana hins opinbera í þessum málum er mikilvægt að betur takist til nú og að stefnan sé skýr. Stofnunum sem reka útibú eða skrifstofur á landsbyggðinni verði gert kleyft að efla slíka starfsemi.
14. **Verkefnið “rafrænt samfélag”:** Þetta gæti haft mikið að segja fyrir þessi sveitarfélög en takmarkast þó af eigin fé þeirra sem þátt taka. Mikilvægt að vel sé staðið að verkefninu svo það geti orðið öðrum sveitarfélögum fyrirmynd. Í tillögunni mættu koma fram ákveðnari markmið og leiðir um áframhaldandi uppbyggingu rafræns samfélgs.
15. **Alþjóðlegt samstarf í byggðamálum:** Tekið er undir þessa tillögu enda margt hægt að læra af alþjóðlegu samstarfi. Hér er um langtímaverkefni að ræða í byggðamálum.
16. **Aukin verðmæti sjávarfangs, líftækni:** Merkilegt framtak hefur átt sér stað á þessu sviði á Siglufirði og Höfn í Hornafirði, en þó skortir fé til að auka nýtingu sjávarafurða. Leggja ber meiri áherslu á framtíð þessarar greinar á landsbyggðinni þar sem m.a. þekking, menntun og sterk sjávarútvegsfyrirtæki

leiða starfsemina. Hér er um verkefni að ræða sem gæti haft viðtæk áhrif á skömmum tíma.

17. **Stefnumörkun þjóðmenningarstofnana um starfsemi á landsvísu:** Sjálfsgagt er að þjóðmenningarstofnanir nóti sér landsstefnu þar sem aukin áhersla verði lögð á betri og sanngjarna þjónustu við landsbyggðina.
18. **Efling símenntunarstöðva á Ísafirði og Egilsstöðum:** Menntun skiptir landsbyggðina miklu máli og mikilvægt að veruleg áhersla sé lögð á aukna uppbyggingu hennar þar. Tekið er undir þessa tillögu og þau markmið hennar um að bæta möguleika til að afla sér háskólamenntunar á landsbyggðinni og að efla beri rannsóknarstarf háskólastofnana og heimamanna. Stutt er við þá tillögu að sérstök áhersla verði lögð á Ísafjörð og Egilsstaði í þessu sambandi. Líklegt er að þetta hafi áhrif á hinn brýnasta vanda landsbyggðarinnar tiltölulega fljótt.
19. **Uppbygging ferðaþjónustu í dreifbýli:** Ekki er skynsamlegt að gera meira úr gildi ferðaþjónustu en hún getur staðið undir. Uppbygging í ferðaþjónustu er tímafrek og dýr enda fæstir utan höfuðborgarsvæðisins sem hafa atvinnu af henni allt árið. Hún krefst verulegra menntunar í tungumálum, markaðsmálum, rekstrarfræði og mannlegum samskiptum.
20. **Endurgreiðsla námslána:** Hvatt er til að tillagan verði framkvæmd.
21. **Efling umhverfisstarfsemi sveitarfélaga:** Umhverfismál skipta miklu máli en ólíklegt að þau hafi áhrif á hin brýnasta vanda landsbyggðarinnar nema til langs tíma. Mikilvægt er engu að siður að markvisst sé unnið að eflingu umhverfismála. Tillagan er hins vegar nokkuð óskýr.
22. **Landupplýsingakerfi og sveitarfélög:** Tillagan skiptir sveitarfélög máli í starfi sínu en kemur lítið við hinn brýnasta vanda landsbyggðarinnar.

Fyrir hönd vinnuhóps atvinnuþróunarfélaganna



Óðinn Gunnar Óðinsson
Þróunarstofu Austurlands